



# FLÓAHREPPUR

## AÐALSKIPULAG 2017-2029

### Greinargerð



16. mars 2018



# FLÓAHREPPUR

## Aðalskipulag 2017-2029



Mynd á forsíðu er af Túni í Flóa. Mynd: Sigurður Bogi

FLÓAHREPPUR

Aðalskipulag 2017-2029

Aðalskipulag þetta sem auglýst hefur verið samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með síðari breytingum var samþykkt af sveitarstjórn Flóahrepps þann \_\_\_\_\_

---

Aðalskipulagið var staðfest af Skipulagsstofnun þann \_\_\_\_\_

---

SKIPULAGSFERLI

Lýsing var auglýst: 17. mars 2016 með athugasemdafresti til: 5. apríl 2016

Aðalskipulagstillagan var kynnt frá 4. maí 2017 með athugasemdafresti til 17. maí 2017.

Aðalskipulagstillagan var auglýst: \_\_\_\_\_ með athugasemdafresti til: \_\_\_\_\_

Aðalskipulagstillagan var staðfest með auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda: \_\_\_\_\_



**EFNISYFIRLIT**

<b>1</b>	<b>INNGANGUR</b> .....	<b>3</b>
1.1	Stefna aðalskipulags .....	3
1.2	Skipulagsgögn og kortagrunnar.....	4
<b>2</b>	<b>STEFNUMÖRKUN</b> .....	<b>5</b>
2.1	ÞÉTTBÝLI .....	5
2.2	UMHVERFI OG YFIRBRAGÐ BYGGÐAR.....	5
2.3	BYGGÐ .....	6
2.3.1	Íbúðarbyggð .....	6
2.3.2	Frístundabyggð .....	8
2.4	ATVINNUSVÆÐI .....	10
2.4.1	Landbúnaðarsvæði .....	10
2.4.2	Skógræktar og landgræðslusvæði.....	14
2.4.3	Verslun og þjónusta .....	16
2.4.4	Afþreyingar- og ferðamannasvæði .....	18
2.4.5	Samfélagsþjónusta.....	19
2.4.6	Íþróttasvæði.....	20
2.4.7	Iðnaðarsvæði .....	21
2.4.8	Athafnasvæði .....	22
2.4.9	Stakar framkvæmdir .....	22
2.4.10	Efnistöku- og efnislosunarsvæði .....	24
2.5	ÓBYGGÐ SVÆÐI EÐA SVÆÐI MEÐ TAKMÖRKUNUM .....	28
2.5.1	Óbyggð svæði.....	28
2.5.2	Opin svæði .....	28
2.5.3	Strandsvæði .....	28
2.5.4	Kirkjugarðar og grafreitir .....	29
2.5.5	Varúðarsvæði eða aðrar takmarkanir .....	29
2.6	SAMGÖNGUR .....	29
2.6.1	Vegir .....	30
2.6.2	Reiðleiðir .....	33
2.6.3	Gönguleiðir .....	33
2.6.4	Reiðhjólaleiðir .....	34
2.6.5	Flugvellir.....	34
2.7	VEITUR.....	34
2.7.1	Vatnsveita .....	34
2.7.2	Hitaveita.....	35
2.7.3	Fráveita .....	35
2.7.4	Rafveita .....	35
2.7.5	Fjarskipti .....	36
2.8	VERNDARSVÆÐI OG MINJAR .....	36
2.8.1	Önnur náttúruvernd - Náttúruminjaskrá .....	38
2.8.2	Hverfisvernd.....	38
2.8.3	Minjavernd.....	40
2.8.4	Vatnsvernd.....	44
2.8.5	Verndarsvæði vegna strandmengunar og mengunar í ám og vötnum .....	45
2.9	NÁTTÚRUVÁ .....	46
<b>3</b>	<b>SKIPULAGSFERLIÐ</b> .....	<b>47</b>

---

<b>3.1</b>	<b>Breytingar frá eldra skipulagi.....</b>	<b>47</b>
<b>3.2</b>	<b>Skipulagslýsing .....</b>	<b>48</b>
<b>3.3</b>	<b>Samráð og kynning .....</b>	<b>48</b>
<b>3.4</b>	<b>Afgreiðsla eftir auglýsingu aðalskipulags .....</b>	<b>48</b>
<b>4</b>	<b>HEIMILDIR.....</b>	<b>49</b>
	<b>VIÐAUKI 1 - SKÝRINGARUPPDRETTIR .....</b>	<b>50</b>

## 1 INNGANGUR

Sveitarfélögin Hraungerðishreppur, Villingaholts-hreppur og Gaulverjabæjarhreppur sameinuðust árið 2006 í Flóahrepp. Flóahreppur vinnur nú sitt fyrsta aðalskipulag sem tekur yfir allt sveitarfélagið. Aðalskipulagið er unnið á grunni stefnumörkunar gömlu sveitarfélaganna. Um er að ræða Aðalskipulag Hraungerðishrepps 2003 - 2015, Aðalskipulag Villingaholtshrepps 2006 - 2018 og Aðalskipulag Gaulverjabæjarhrepps 2003 - 2015.

Megin landnotkun í sveitarfélaginu er hefðbundinn landbúnaður. Ekkert þéttbýli er í Flóahreppi en þrjú félagsheimili eru í sveitarfélaginu; í Þingborg en þar er skrifstofa hreppsins, í Félagslundi og í Þjórsárveri en þar er Flóaskóli, grunnskóli Flóahrepps. Í Þingborg er einnig leikskólinn Krakkaborg.

Á nokkrum stöðum í sveitarfélaginu er gert ráð fyrir íbúðarbyggð. Nokkur fjöldi íbúa sækir vinnu út fyrir sveitarfélagið en það verður sífellt auðveldara með bættum samgöngum.

### Vinnuhópur við aðalskipulagsgerðina

Sveitarstjórn Flóahrepps, ásamt sveitarstjóra, Eydísi Indriðadóttur, tók þátt í tillögugerð og úrvinnslu aðalskipulagsins ásamt Péttri Inga Haraldssyni skipulagsfulltrúa. Sveitarstjórn skipa: Árni Eiríksson, Svanhvít Hermannsdóttir, Margrét Jónsdóttir, Sigurbára Rúnarsdóttir og Elín Höskuldsdóttir. Um miðbik vinnunnar tók Rósa Matthíasdóttir við af Elínu.

Tillögugerð, úrvinnsla og framsetning aðalskipulagsins var unnin af starfsfólki Steinholts ehf, þeim Gísla Gíslasyni, Ingibjörgu Sveinsdóttur og Guðrúnu Láru Sveinsdóttur. Einnig komu aðrir starfsmenn að vinnunni eftir þörfum. Í tengslum við aðalskipulagsgerðina var landbúnaðarland flokkað undir stjórn Ásgeirs Jónssonar og Guðrúnar Láru Sveinsdóttur.

### 1.1 STEFNA AÐALSKIPULAGS

Markmið með gerð aðalskipulags er að stuðla að „*skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja vernd landslags, náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu með sjálfbæra þróun að leiðarljósi*“ sbr. 1 gr. skipulagslaga nr. 123/2010, lið b.

Í aðalskipulagi er lögð fram stefna sveitarstjórnar varðandi landnotkun, byggðapróun, byggðamynstur, umhverfismál, samgöngu- og þjónustukerfi sveitarfélagsins til a.m.k. næstu 12 ára. Gildandi aðalskipulag skal yfirfarið í upphafi hvers kjörtímabils og nýrri sveitarstjórn ber skv. 35. gr. skipulagslaga, að meta hvort endurskoða skuli skipulagið.

Leiðarljós við gerð aðalskipulags Flóahrepps er eftirfarandi:

**Skipulagið skal stuðla að hagkvæmri þróun byggðar, m.a. með því að skapa sem best skilyrði fyrir atvinnulíf og mannlíf og að gera búsetu á svæðinu eftirsóknarverða.**

Lögð er áhersla á eftirfarandi meginmarkmið:

- *Stuðla að hagkvæmri þróun landbúnaðar samhliða því að vernda gott landbúnaðarland til matvælaframleiðslu. Landnýting verði í samræmi við landgæði og ástand lands.*
- *Marka stefnu um byggingar og atvinnusköpun á landbúnaðarsvæðum og bæta möguleika landeigenda til fjölbreyttrar landnýtingar.*
- *Leitast skal við að halda í dreifbýlisyfirbragð í sveitarfélaginu. Það er að húsum standi stakstæð fremur en í beinum röðum meðfram götu. Lóðir séru mis stórar og vegir að húsum mis langir.*



Mynd 1. Flóahreppur.

- *Stuðla að fleiri og fjölbreyttum atvinnutækifærum m.a. með nýsköpun.*
- *Leita hagkvæmra lausna í samgöngum og stuðla að betra umferðar- og rekstraröryggi, samtengingu byggðar innan héraðs, m.a. vegna skólaaksturs og atvinnusóknar.*
- *Fjölga affreyngarmöguleikum svo ferðamenn dvelji lengur í sveitarfélaginu.*
- *Stuðla að hagkvæmri nýtingu orkuauðlinda og marka stefnu um nýtingu þeirra, s.s. vindorku og jarðhita.*
- *Stuðla að öflugri nettengingu fyrir íbúa með það að markmiði að styrkja innviði sveitarfélagsins og jafna lífskjör íbúanna á við það sem best gerist í þéttbýli.*
- *Standa vörð um vernd grunnvatns sem neysluvatns fyrir íbúa og atvinnustarfsemi.*
- *Stuðlað verði að varðveislu sögu-, náttúru- og menningarminja, upplýsingar um þær bættar og einhverjar þeirra gerðar aðgengilegar.*
- *Flóaáveitan þjóni hlutverki sínu hverju sinni.*
- *Mörkuð verði stefna um yfirbragð byggðar, umgengni og raflýsingu.*

Hér að neðan er yfirlit yfir helstu framkvæmdir sem stefnt er að verði ráðist í og/eða undirbúnar á skipulagstímanum. Aðalskipulagið felur í sér allar þessar framkvæmdir.

- Verndun góðs landbúnaðarlands mun styðja enn frekar við matvælaframleiðslu í sveitarfélaginu. Lögð er áhersla á að landbúnaðarlandi verði ráðstafað með þeim hætti að það nýtist til ræktunar, þegar til lengri tíma er litið.
- Unnið verður að því að bæta samgöngur innan sveitarfélagsins, einkum með uppbyggingu og lagfæringu helstu vega.
- Byggð ný brú yfir Ölfusá ásamt færslu á Suðurlandsvegi í tengslum við þá framkvæmd.
- Vegagerð ríkisins gerir ráð fyrir að í framtíðinni verði Suðurlandsvegur þriggja akreina vegur (2 + 1) um Flóahrepp.
- Skilgreind og stikuð gönguleið (pílagrímaleið) frá Selvogskirkju í Skálholt en sú leið mun liggja um Flóahrepp.
- Áætlanir gera ráð fyrir því að Euro Velo hjólreiðaleiðin liggja í gegnum sveitarfélagið og mun vinna við skipulagningu og framkvæmd hennar fara fram á skipulagstímanum.
- Gert er ráð fyrir að Svarfhólsvöllur, golfvöllur í landi Laugardæla, verði stækkaður í 18 holu golfvöll og útbúið tjaldsvæði í tengslum við hann.
- Unnið verði að lagningu ljósleiðara á sem flesta bæi í sveitarfélaginu.
- Stefnt er að því að leggja hitaveitu á sem flesta bæi og mun vinna við rannsóknir því tengdar fara fram á skipulagstímanum.

## 1.2 SKIPULAGSGÖGN OG KORTAGRUNNAR

Uppdrættir eru unnir á stafræna kortagrunna (IS50v) frá Landmælingum Íslands og loftmyndir frá Loftmyndum ehf notaðar. Sveitarfélagamörk eru sýnd eins og þau eru á kortagrunnum Landmælinga Íslands (IS50v). Ósamræmi er á sveitarfélagamörkum milli Flóahrepps og Árborgar við bæina Árlund og Hóla. Kortagrunnar eru í ISN93 landshnitakerfinu.

Landamerki eru skv. nýttjalandsgrunni RALA. Landamerki eru óstaðfest og í einhverjum tilfellum óviss og því einungis sýnd til skýringar.

Auk aðaluppdráttar er aðalskipulagið sett fram á nokkrum skýringaruppdráttum til þess að skýra forsendur og helstu þætti skipulagsins.

### Skipulagsuppdráttur:

- Aðalskipulagsuppdráttur í mkv. 1:50.000.

### Skýringaruppdrættir í mkv. 1:110.000:

1. Landbúnaðarsvæði, ræktað land og skógræktarsvæði.
2. Flokkun landbúnaðarlands.

3. Íbúðar- og frístundasvæði ásamt þekktum jarðskjálftasprungum.
4. Samgöngur og námur, göngu-, reið- og reiðhjólaleiðir.
5. Verndarsvæði. Önnur náttúruvernd, hverfisvernd og vatnsvernd.
6. Fornminjar skv. aðalskráningu fornminja.
7. Ferðaþjónusta. Núverandi ferðaþjónustustaðir og golfvöllur. Einnig eru sýndir áhugaverðir ferðamannastaðir skv. kortlagningu Ferðamálastofu.
8. Staðsetning íbúðarhúsa sem byggð voru árin 2000 – 2016. Einnig eru sýnd svæði fyrir íbúðarbyggð.

Auk þess eru forsendur og umhverfisskýrsla í sér hefti.

Svæði sem auðkennd eru með hringtákn á skipulagsuppdraetti geta verið allt að 5 ha að stærð.

## 2 STEFNUMÖRKUN

Megin landnotkun í sveitarfélaginu er landbúnaður en þó ná frístunda- og íbúðarsvæði yfir talsverðan hluta. Í þessum kafla er fjallað um þéttbýli (kafla 2.1) og sett fram stefnumörkun fyrir umhverfi og yfirbragð byggðar (kafla 2.2), byggð (kafla 2.3), atvinnusvæði (kafla 2.4), óbyggð svæði eða svæði með takmörkunum (kafla 2.5), samgöngur (kafla 2.6), veitur (kafla 2.7), verndarsvæði og minjar (kafla 2.8) og svæði sem eru undir náttúruvá (kafla 2.9).

### 2.1 ÞÉTTBÝLI

Í gildandi skipulagi var gert ráð fyrir þéttbýli í Þingborg og í Laugardælum. Þar sem engin uppbygging hefur átt sér stað á þessum svæðum þótti ástæða til að endurskoða þá stefnu. Íbúar Flóahrepps njóta góðs af nálægðinni við Selfoss og sækja þangað verslun- og þjónustu og einnig atvinnu og framhaldsskóla í einhverju mæli.

Uppbygging þéttbýlis er ekki í samræmi við þá stefnu sveitarfélagsins að leitast við að halda í dreifbýlis-yfirbragð. Mjög stutt er frá Laugardælum til Selfoss og líklegt er að íbúar sem vilja búa í þéttbýli velji fremur að búa á Selfossi en í þéttbýliskjarna rétt utan bæjarins. Öll þjónusta við íbúa þéttbýlisins yrði á hendi Flóahrepps en gerðar eru kröfur um þjónustu eins og snjómokstur, lýsingu, viðhald veitukerfa og gatna og góðar og greiðar samgöngur. Þá er hluti Laugardælasvæðisins á landbúnaðarlandi í flokki II. Í landsskipulagsstefnu kemur fram að landi sem hentar vel til ræktunar verði almennt ekki ráðstafað til annarra nota með óafturkræfum hætti.

Undanfarin ár hefur ekki verið ásókn í að byggja íbúðarhús á skipulögðu svæði fyrir íbúðarbyggðheldur hafa íbúðarhús verið byggð í tengslum við þær bæjartorfur sem fyrir eru (skýringaruppdrauttur nr. 8). Með því móti næst betri nýting á núverandi vegi og veitur.

Það er niðurstaða sveitarstjórnar að ekkert þéttbýli sé í Flóahreppi.

### 2.2 UMHVERFI OG YFIRBRAGÐ BYGGÐAR

Samkvæmt þingsályktun um landskipulagsstefnu ber sveitarfélögum að marka stefnu um gæði og yfirbragð byggðar og annarra mannvirkja í dreifbýli. Þar segir enn fremur að ákvarðanir um staðsetningu og hönnun mannvirkja skuli taka mið af byggingarhefðum, landslagi og staðháttum. Gæta skal að hagkvæmni varðandi samgöngur og veitur og að byggð skerði ekki að óþörfu gott landbúnaðarland eða svæði sem eru mikilvæg vegna náttúrufars<sup>1</sup>. Það er einnig vilji sveitarfélagsins að leitast við að halda í dreifbýlis-yfirbragð í sveitarfélaginu og að umgengni sé hvarvetna til fyrirmyndar.

#### Markmið:

- Leitast skal við að halda í dreifbýlis-yfirbragð í sveitarfélaginu.
- Mannvirki skulu falla sem best að náttúrulegu umhverfi á hverjum stað og gæta skal samræmis við nálægar byggingar.
- Mannvirki skulu ekki valda skaða á náttúru- eða menningarminjum.

<sup>1</sup> (Alþingi Íslands, 2016).

- **Umgengni verði til fyrirmyndar.**
- **Útilýsing skal vera þannig að ekki verði um óþarfa ljósmengun að ræða né valdi hún nágrönnum ónæði.**
- **Landnotkun stuðli að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi.**

Leiðir:

- Byggingum verði vel viðhaldið og ónýtar byggingar rifnar og fjarlægðar. Þó skal gætt að varðveislugildi bygginga með tilliti til menningar- og sögulegs gildis þeirra.
- Íbúar verði hvattir til snyrtilegrar umgengni.
- Reglulega verði staðið fyrir hreinsunarátaki í sveitarfélaginu.
- Forðast skal óþarfa lýsingu, ljósinu skal beint niður, eða það skermað af og haft í huga að ljós valdi nágrönnum sem minnstum óþægindum.

Í byggingareglugerð nr. 112/2012 eru m.a. sett fram markmið fyrir verndun náttúrufars og eins fyrir birtu og lýsingu. Í gr. 15.1.1 segir: „við hönnun og gerð mannvirkja ber ávallt að taka tillit til umhverfis og náttúrufars. Leitast skal við, eftir því sem aðstæður leyfa, að láta mannvirki falla sem eðlilegast að umhverfinu og hafa sem minnst truflandi áhrif á náttúrufar og gerð landslags í næsta nágrenni“.

Í gr. 10.4.1. segir: „Mannvirki skulu þannig hönnuð og byggð að öll birtuskilyrði og ljósmagn sé í fullu samræmi við þá starfsemi sem fer fram við eða innan mannvirkisins, án þess að óeðlilegur truflandi hiti eða óeðlileg glýjumyndun verði vegna lýsingar. Við mat á eðlilegum birtuskilyrðum ber að taka tillit til þarfa allra aldurshópa“.

Í grein 10.4.2. segir ennfremur að „við hönnun á útilýsingu skal þess gætt að ekki verði um óþarfa ljósmengun að ræða frá flóðlýsingu mannvirkja. Tryggja skal að útilýsingu sé beint að viðeigandi svæði og nota skal vel skermaða lampa sem varpa ljósinu niður og valda síður glýju og næturbjarma“.

Flóahreppur hefur undanfarin ár staðið fyrir hreinsunarátaki í sveitarfélaginu. Í því felst að íbúar geta t.d. fengið gáma fyrir brotajárn heim á bæina. Gert er ráð fyrir að þessi þjónusta verði í boði áfram.

## 2.3 BYGGÐ

Undir þessum kafla er fjallað um íbúðarbyggð (kafla 2.3.1) og frístundabyggð (kafla 2.3.2). Íbúðar- og frístundabyggð er sýnd á skýringaruppdrætti 3.

Í eftirfarandi töflu er samantekt yfir íbúðarsvæði annars vegar og frístundasvæði hins vegar. Fjöldi óbyggðra svæða er talinn út frá byggingum á loftmyndum, það er því mögulegt að einhver svæðanna hafi byggst upp frá því loftmyndirnar voru teknar.

Svæði	Fjöldi svæða	Heildarstærð svæða	Fjöldi skipulagðra svæða	Fjöldi óbyggðra svæða
Íbúðarbyggð	14	279 ha	7 svæði deiliskipulögð.	8 svæði óbyggð.
Frístundabyggð	48	725 ha	12 svæði deiliskipulögð.	23 svæði óbyggð.

### 2.3.1 Íbúðarbyggð

Í grein 6.2 í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, er íbúðarbyggð skilgreind sem „Svæði fyrir íbúðarhúsnæði og nærþjónustu sem því tengist, auk minniháttar atvinnustarfsemi sem samrýmist búsetu eftir því sem nánar er kveðið á um í stefnu skipulagsins“.

Markmið:

- Ekki er gert ráð fyrir nýjum svæðum fyrir íbúðarbyggð.
- Við deiliskipulag núverandi svæða verði miðað að því að vernda landbúnaðarland í flokki I og II og leitast við að halda í dreifbýlisfirbragð.
- Þau svæði þar sem engin uppbygging hefur átt sér stað við næstu endurskoðun aðalskipulags verða felld út.

## Leiðir:

- Taka skal tillit til landslags, söguslóða, gróðurfars og útsýnisstaða við skipulag íbúðarbyggðar.
- Í deiliskipulagi íbúðarbyggðar skal gera grein fyrir vatnstökustöðum þar sem nálgast má slökkvi-vatn.
- Íbúðarhús geta verið á 1-2 hæðum. Heimilt er að byggja einbýlishús, raðhús og parhús.
- Lóðastærðir skulu vera um 1 ha og nýtingarhlutfall allt að 0,05.
- Heimagisting í flokki I er heimil í 90 daga skv. reglugerð nr. 1277/2016, um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, ef fyrir liggur undirritað samþykki nágranna og næg bílastæði eru innan lóðar.

Þó nokkur ný íbúðarhús hafa verið byggð í Flóahreppi frá árinu 2000 (sbr. skýringarupprátt nr. 8). Meiri hluti þeirra var byggður í tengslum við þær bæjartorfur sem fyrir voru en ekki á skilgreindum svæðum fyrir íbúðarbyggð. Með þessu nýttast þeir vegir og veitur sem fyrir eru og jafnframt samræmist þetta stefnu sveitarstjórnar um að leitast við að halda í dreifbýlisyfirbragð í sveitarfélaginu. Íbúaspá fyrir sveitarfélagið gerir ráð fyrir að í lok skipulagstímans verði fjöldi íbúa á bilinu 665-705. Svæði fyrir íbúðarbyggð eru mjög rífleg út frá þessu viðmiði þó þeim hafi heldur fækkað og þau minnkað um u.þ.b. 230 ha frá eldra skipulagi. Það er stefna sveitarstjórnar að minnka og fækka íbúðarsvæðum í Flóahreppi og að heimila ekki ný svæði fyrir íbúðarbyggð. Einn liður í því að fækka svæðum fyrir íbúðarbyggð er að við næstu endurskoðun aðalskipulags verði þau svæði þar sem engin uppbygging hefur átt sér stað felld út. Heimiluð er uppbygging á landspildum sbr. kafla 2.4.1 og 2.4.9.

Öll byggð skal taka mið af stefnu um umhverfi og yfirbragð byggðar í kafla 2.2.

Svæði sem auðkennd eru með hringtákn á skipulagsupprætti geta verið allt að 5 ha að stærð. Svæði fyrir íbúðarbyggð eru talin upp í eftirfarandi töflu:

Íbúðarbyggð			
Nr.	Heiti	Lýsing	Staða
ÍB1	Laugardælir	Gert er ráð fyrir íbúðarbyggð á rúmum lóðum Heimilt er að byggja allt að 8 hús. Stærð svæðis er um 8 ha.	6 hús.
ÍB2	Laugardælir	Gert er ráð fyrir íbúðarbyggð á rúmum lóðum. Heimilt er að byggja allt að 20 hús. Stærð svæðis er um 25 ha.	Óbyggt.
ÍB3	Laugardælir	Gert er ráð fyrir íbúðarbyggð á rúmum lóðum. Heimilt er að byggja allt að 18 hús. Stærð svæðis er um 25 ha.	Óbyggt.
ÍB4	Stóra- og Litla Ármót	Deiliskipulag fyrir 7 lóðir, stærð lóða um 1 ha. Stærð svæðis er um 9 ha.	Óbyggt.
ÍB5	Þingborg	Deiliskipulag fyrir 26 lóðir. Stærð svæðis er um 8 ha.	2 hús.
ÍB8	Vatnsendi	Gert er ráð fyrir íbúðarbyggð á rúmum lóðum. Heimilt er að byggja allt að 18 hús. Stærð svæðis er um 23 ha.	Óbyggt.
ÍB9	Vatnsholt 2	Gert er ráð fyrir íbúðarbyggð á rúmum lóðum. Heimilt er að byggja allt að 15 hús. Stærð svæðis er um 20 ha.	Óbyggt.
ÍB10	Skúfslækur	Deiliskipulag fyrir 7 lóðir um 3-4 ha að stærð. Stærð svæðis er um 20 ha.	4 hús.
ÍB11	Forsæti	Gert er ráð fyrir íbúðarbyggð á rúmum lóðum. Heimilt er að byggja allt að 18 hús. Stærð svæðis er um 23 ha.	Óbyggt.
ÍB12	Tunga	Svæðið er deiliskipulagt fyrir 36 lóðir sem blönduð notkun landbúnaðar- og íbúðarhúsa. Hver lóð er um 1 ha. Stærð svæðis er um 40 ha.	Óbyggt.
ÍB13	Eystri-Hellur	Svæðið er deiliskipulagt fyrir 31 lóð sem blönduð notkun landbúnaðar- og íbúðarhúsa. Hver lóð er um 1 ha. Stærð svæðis er um 30 ha.	Óbyggt.
ÍB14	Brandshús	Heimilt er að byggja allt að 7 hús. Stærð svæðis er um 5 ha.	6 hús.
ÍB15	Gegnishóla partur	Deiliskipulag fyrir 5 íbúðarlóðir og 2 skemmur. Lóðastærðir á bilinu 0,3 – 0,5 ha. Stærð svæðis er um 6 ha.	2 hús.
ÍB16	Rimar í Súluholti	Deiliskipulag fyrir 29 lóðir sem eru um 1 ha hver. Stærð svæðis er um 37 ha.	2 hús.



## Niðurstaða umhverfismats áætlana

Sveitarstjórn vill minnka og fækka íbúðarsvæðum í Flóahreppi og ekki er gert ráð fyrir nýjum svæðum. Þetta samræmist stefnu sveitarstjórnar um að leitast við að halda í dreifbýlisyfirbragð í sveitarfélaginu. Þá stuðlar þetta að því markmiði að ekki verði heimiluð uppbygging á landbúnaðarlandi í flokki I og II. Auðveldar jafnframt framfylgd þess markmiðs að ekki verði um óþarfa ljósmengun að ræða vegna útlýsingar né valdi hún nágrönnum ónæði.

### 2.3.2 Frístundabyggð

Frístundabyggð er skv. gr. 6.2 í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, "svæði fyrir frístundahús, tvö eða fleiri og nærþjónustu sem þeim tengist, þ.m.t. orlofshús og varanlega staðsett hjólhýsi. Föst búseta er óheimil í frístundabyggðum".

#### Markmið:

- Frístundabyggð skal vera sem mest á samfelldum svæðum innan hvernar jarðar, þannig að vegir og veitur nýtist sem best.
- Hafa skal sameiginlegar veitur þar sem þéttleiki byggðar og náttúrufarslegar aðstæður leyfa.
- Frístundabyggð er ekki heimiluð á góðu landbúnaðarlandi í flokkum I og II.
- Frístundabyggð er ekki heimiluð á svæðum sem eru mikilvæg eða verðmæt vegna náttúrufars, auðlinda, náttúruvár, sögu eða almenns útivistargildis.
- Þau svæði þar sem engin uppbygging hefur átt sér stað við næstu endurskoðun aðalskipulags verða felld út.
- Forðast skal að tré myndi skugga á lóðum nágranna eða byrgi fyrir útsýni þeirra.

#### Leiðir:

- Ný frístundasvæði verði ekki stærri en 15 ha innan hvernar jarðar. Nýir áfangar innan hvernar jarðar verða ekki teknir til skipulagsmeðferðar fyrr en minnst 2/3 hlutar fyrri áfanga hafa verið byggðir.
- Lóðir skulu jafnan vera á stærðarbilinu ½ - 1 ha og nýtingarhlutfall allt að 0,03. Í ákveðnum undantekningartilfellum geta frístundalóðir þó verið minni og nýtingarhlutfall allt að 0,05.
- Skipulag tryggi aðgengi að áhugaverðum útivistarsvæðum og náttúrufyrirbærum og miði að því að halda opnum gömlum og/eða hefðbundnum göngu- og reiðleiðum.
- Við skipulag byggðar skal hugað að því að mikilvægar jarðmyndanir og gróðursvæði verði fyrir sem minnstum áhrifum vegna framkvæmda.
- Heimilt er að leigja út frístundahús í samræmi við reglugerð nr. 1277/2016 um veitingastaði, gisti- staði og skemmtanahald.
- Heimagisting í flokki I er heimil í 90 daga skv. reglugerð nr. 1277/2016, um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, ef fyrir liggur undirritað samþykki nágranna og næg bílastæði eru innan lóðar.
- Frístundabyggð skal vera í samræmi við deiliskipulag. Hús geta verið á 1-2 hæðum.
- Stærð aukahúss/gestahúss getur verið allt að 40 m<sup>2</sup> og geymslu allt að 25 m<sup>2</sup>. Þessar byggingar teljast með í heildar byggingarmagni lóðar. Heimilt er að byggja þrjú hús á hverri lóð.
- Í deiliskipulagi skal gera grein fyrir vatnstökustöðum þar sem nálgast má slökkvivatn.

Í Flóahreppi eru 49 frístundasvæði, það stærsta tæpir 50 ha. Svæðum fyrir frístundabyggð hefur heldur fækkað og þau minnkað um u.þ.b. 480 ha frá gildandi skipulagi. Innan frístundasvæða er heimilt að vera með þjónustumiðstöðvar og smáverlanir sem þjóna viðkomandi svæði. Frístundabyggð skal rísa sem mest á samfelldum svæðum og leitast skal við að samnýta vegi og veitur sem mest. Einn liður í þessu er að ný frístundabyggð, innan hvernar jarðar, verði ekki stærri en 15 ha og að hún sé að stórum hluta byggð áður en svæðið er stækkað eða ný svæði tekin undir frístundabyggð. Jafnframt verða þau svæði þar sem engin uppbygging hefur átt sér stað felld út við næstu endurskoðun aðalskipulags. Í eldri frístundabyggð skal vera samræmi í stærð og nýtingarhlutfalli núverandi og nýrra lóða. Þá skulu ný hús samræmast þeim húsum sem fyrir eru, s.s. hvað varðar stærð, útlit og mænishæð. Í þeim tilfellum geta lóðir verið minni en almennt gerist og nýtingarhlutfall allt að 0,05.



Núverandi og ný frístundabyggð skal taka mið af stefnu um umhverfi og yfirbragð byggðar í kafla 2.2, eftir því sem við á. Fjallað er um stök frístundahús í kafla 2.4.9.

Svæði sem auðkennd eru með hringtákn á skipulagsupprætti geta verið allt að 5 ha að stærð. Svæði fyrir frístundabyggð eru talin upp í eftirfarandi töflu:

Frístundabyggð				
Nr.	Heiti svæðis	Lýsing	Jörð	Staða
F1	Krókur	Stærð svæðis er um 40 ha.	Krókur	Óbyggt.
F2	Langholt 1	3 óbyggðar lóðir. Stærð svæðis er um 6 ha.	Langholt 1	6 hús.
F3	Halakot	Deiliskipulag fyrir 23 lóðir. Svæðið er tvískipt. Stærð svæðis er um 13 ha.	Halakot	16 hús.
F4	Hallandi 1	Deiliskipulag fyrir 31 lóð. Stærð svæðis er um 40 ha.	Hallandi	Óbyggt.
F5	Langholt 1	Stærð svæðis er um 11 ha.	Langholt 1	3 hús.
F6	Langholt	Stærð svæðis er um 2 ha.	Langholt	1 hús.
F7	Oddgeirshólar	Stærð svæðis er um 32 ha.	Oddgeirshólar	Óbyggt.
F8	Stóru-Reykir	Stærð svæðis er um 21 ha.	Stóru-Reykir	1 hús.
F9	Reykjasel	Stærð svæðis er um 10 ha.	Reykjasel	Óbyggt.
F10	Litlu-Reykir	Stærð svæðis er um 4 ha.	Litlu-Reykir	1 hús.
F11	Stóru-Reykir	Stærð svæðis er um 14 ha.	Stóru-Reykir	Óbyggt.
F12	Ölvisholt	Stærð svæðis er um 7 ha.	Ölvisholt	Óbyggt.
F13	Miklholt	Deiliskipulag fyrir 2 frístundahús og skemmu. Stærð svæðis er um 40 ha.	Miklholt	1 hús.
F14	Miklaholtshellir	Stærð svæðis er um 4 ha.	Miklaholtshellir	2 hús.
F15	Neistastaðir	Stærð svæðis er um 17 ha.	Neistastaðir	Óbyggt.
F16	Hnaus	Stærð svæðis er um 14 ha.	Hnaus	1 hús.
F17	Hjálmholt	Stærð svæðis er um 17 ha.	Hjálmholt	Óbyggt.
F18	Bitra	Stærð svæðis er um 7 ha.	Bitra	Óbyggt.
F19	Kersholt	Deiliskipulag fyrir 5 lóðir. Stærð svæðis er um 39 ha.	Kersholt	4 hús.
F20	Kampholt	Stærð svæðis er um 5 ha.	Kampholt	2 hús.
F21	Bitra	Við gerð deiliskipulags og hönnun fráveitu þarf að taka tillit til þess að hluti svæðisins er innan vatnsverndarsvæðis í flokki 3. ÍSOR hefur gert úttekt á vatnsverndarsvæði í Merkurhrauni. Þar kemur fram að huga þarf vel að fráveitu og umhverfismálum á svæðinu. Ef þurfa þykir skal í deiliskipulagi setja ákvæði um umgengni um svæðið, í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Stærð svæðis er um 21 ha.	Bitra	Óbyggt.
F22	Merkurhraun	Við gerð deiliskipulags og hönnun fráveitu þarf að taka tillit til þess að svæðið er innan vatnsverndarsvæðis í flokki 3. ÍSOR hefur gert úttekt á vatnsverndarsvæði í Merkurhrauni. Þar kemur fram að huga þarf vel að fráveitu og umhverfismálum á svæðinu. Ef þurfa þykir skal í deiliskipulagi setja ákvæði um umgengni um svæðið, í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Stærð svæðis er um 60 ha.	Hjálmholt	Óbyggt.
F23	Merkurlaut	Stærð svæðis er um 46 ha.	Skálmholt	11 hús.
F24	Skálmholtstún	Deiliskipulag fyrir 4 hús. Stærð svæðis er um 7 ha.	Skálmholt	1 hús.
F25	Mörk og Krækishólar	Hluti svæðisins er deiliskipulagt fyrir 46 lóðir. Stærð svæðis er um 46 ha.	Skálmholt, Krækishólar	15 hús.
F26	Skálmholt	Stærð svæðis er um 15 ha.	Skálmholt	Óbyggt.

F27	Skálmholt	Stærð svæðis er um 23 ha.	Skálmholt	Óbyggt.
F28	Dælarétt	Deiliskipulag fyrir 7 lóðir. Stærð svæðis er um 19 ha.	Heiðarbær	1 hús.
F29	Egilsstaðir 1	Stærð svæðis er um 5 ha.	Egilsstaðir 1	Óbyggt.
F30	Egilsstaðir	Deiliskipulag fyrir 5 lóðir. Stærð svæðis er um 15 ha.	Egilsstaðir	3 hús.
F31	Egilsstaðir 1	Stærð svæðis er um 5 ha.	Egilsstaðir 1	1 hús.
F32	Sauðhagi	Deiliskipulag fyrir 9 lóðir. Stærð svæðis er um 25 ha.	Þingdalur	Óbyggt.
F33	Breiðholt 2	Deiliskipulag fyrir 2 lóðir. Stærð svæðis er um 1 ha.	Breiðholt	Óbyggt.
F34	Hólmasel	Stærð svæðis er um 4 ha.	Hólmasel	2 hús.
F35	Arabær	Stærð svæðis er um 3 ha.	Arabær	Óbyggt.
F36	Arabær	Stærð svæðis er um 2 ha.	Arabær	1 hús.
F37	Árlundur	Stærð svæðis er um 8 ha.	Árlundur	2 hús.
F38	Tunga	Stærð svæðis er um 10 ha.	Tunga	Óbyggt.
F39	Galtastaðir	Deiliskipulag fyrir 3 lóðir. Stærð svæðis er um 5 ha.	Galtastaðir	Óbyggt.
F41	Vorsabær II	Stærð svæðis er um 5 ha	Vorsabær II	Óbyggt.
F42	Vorsabær I	Stærð svæðis er um 5 ha.	Vorsabær I	Óbyggt.
F43	Seljatunga	Stærð svæðis er um 12 ha.	Seljatunga, Sviðugarðar	2 hús.
F44	Hrafnaklettur	Stærð svæðis er um 2 ha.	Súluholt	2 hús.
F45	Hellismýri	Stærð svæðis er um 5 ha	Súluholt	Óbyggt.
F46	Flaga	Stærð svæðis er um 5 ha.	Flaga	2 hús
F47	Hróarsholt	Deiliskipulag fyrir 1 lóð. Stærð svæðis er um 3 ha.	Hróarsholt	1 hús.
F48	Arnarstaðir	Svæðið er tvískipt. Stærð svæðis er um 5 ha	Arnarstaðir	1 hús.
F49	Langholt 3	Stærð svæðis er um 20 ha.	Langholt 3	Óbyggt.

### Niðurstaða umhverfismats áætlana

Ekki þykir ástæða til að meta áhrif stefnunnar sem er í meginráttum samhljóða stefnu í eldra aðalskipulagi, þó skerpt sé á ákveðnum hlutum.

## 2.4 ATVINNUSVÆÐI

Í þessum kafla er fjallað um atvinnusvæði í dreifbýli. Megin landnotkun í Flóahreppi er landbúnaður.

### 2.4.1 Landbúnaðarsvæði

Landbúnaðarsvæði er skv. gr. 6.2. í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, skilgreint sem „Svæði fyrir landbúnað og mannvirki sem tengjast búrekstrinum, með áherslu á búfénað, matvæla- og fóðurframleiðslu“.

#### Markmið:

- Gott landbúnaðarland (flokkur I og II) verður áfram nýtt til landbúnaðar, einkum matvælaframleiðslu.
- Flokkun landbúnaðarlands verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum um nýtingu landbúnaðarlands.
- Landbúnaður verði áfram stundaður á bújörðum, með eðlilegum þróunarmöguleikum ýmissa atvinnugreina sem henta á slíkum svæðum.
- Landbúnaðar verði eflur sem atvinnugrein og leitað leiða til uppbyggingar stoðgreina hans.
- Áfram verði lögð áhersla á að ásýnd bújarða og mannvirkja styðji við jákvæða ímynd íslensks landbúnaðar.
- Áfram verði stuðlað að eðlilegri sambúð landbúnaðar og annarrar byggðar.
- Skógrækt verði eflur til viðurframleiðslu, útivistar, skjóls og landbóta en jafnframt verði forðast að setja gott akuryrkjuland undir samfellda skógrækt.
- Landnýting sé í sátt við náttúruna og misbjóði henni ekki með ofbeit, mengun eða á annan hátt.

- **Settar eru verklagsreglur um landskipti.**

Leiðir:

- Landbúnaðarland er flokkað með það að markmiði að vernda gott landbúnaðarland til matvælaframleiðslu til framtíðar.
- Ef aðstæður leyfa er heimilt að byggja stök íbúðarhús, sem ekki tengjast búrekstri á landbúnaðarsvæðum bújarða, án þess að breyta þurfi aðalskipulagi.
- Byggingar skulu reistar í tengslum við núverandi mannvirki til að nýta sem best það grunnkerfi sem fyrir er.
- Ný íbúðarhús skulu að jafnaði byggð í tengslum við byggð á núverandi bæjartorfu/býli.
- Heimiluð er uppbygging á landspildum (smábýlum) m.a. til áhugabúskapar ef um fasta búsetu er að ræða, enda styrki það nýtingu núverandi veitukerfa, hamli ekki eðlilegri landbúnaðarstarfsemi né spilli góðu landbúnaðarlandi eða verndarsvæðum.
- Byggingar, uppskipting lands, samfelld skógræktarsvæði o.fl. sem hamlar ræktunarmöguleikum er ekki heimil á góðu landbúnaðarlandi (flokkur I og II) eða verndarsvæðum, en getur eftir atvikum verið í jaðri svæðanna eða þar sem sýnt er fram á að flokkun landbúnaðarlands er önnur en gengið er út frá í aðalskipulagi.
- Heimilt er að stunda minni háttar atvinnurekstur þar sem er föst búseta.
- Lyktarmengandi starfsemi s.s. eldihús alifugla, loðdýra og svína skal staðsett fjarri jarða- og lóðamörkum.
- Áform um framræslu eða endurheimt votlendis þarf að skoða í hverju tilfelli fyrir sig m.t.t. áhrifa á aðliggjandi jarðir.
- Framkvæmdir sem hamla því að Flóaáveitan virki eins og til er ætlast eru óheimilar.

Samkvæmt landsskipulagsstefnu er gert ráð fyrir að skipulag í dreifbýli gefi kost á fjölbreyttri nýtingu lands, s.s. til ræktunar, ferðaþjónustu og útivistar í sátt við náttúru og landslag. Landnotkun styðji við búsetu og samfélag í dreifbýli með langtímasýn um ráðstöfun lands til nýtingar og verndar og samþættri stefnu um byggðaþróun. Einnig er gert ráð fyrir að flokkun landbúnaðarlands sé lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum<sup>2</sup>.

Um land bújarða á landbúnaðarsvæðum gilda ákvæði jarðalaga nr. 81/2004 og ábúðarlaga nr. 80/2004, og eftir atvikum ákvæði annarra laga.

Á hluta landbúnaðarlands eru kvaðir sem taka þarf tillit til við nýtingu lands s.s. vegna vatnsverndar, svæða á náttúruminjasrá og hverfisverndar vegna náttúru- og söguminja.

### Flokkun landbúnaðarlands

Gott landbúnaðarland er auðlind sem verður varðveitt til framtíðar. Sérstaklega er horft til þess að ekki verði heimiluð landnýting sem takmarkar til lengri tíma ræktunarmöguleika á úrvals landbúnaðarlandi, nema gild rök mæli með því.

Landbúnaður er megin landnotkun í Flóahreppi. Landbúnaðarland hefur verið kortlagt í mælikvarðanum 1:50.000 með tilliti til ræktunarhæfni og er það birt í skýrslunni „Flóahreppur, flokkun landbúnaðarlands“ sem dagsett er í febrúar 2017 og var unnin af Steinsholti ehf. Flokkun landbúnaðarlands er jafnframt sýnd á skýringaruppdrætti 2.

Landbúnaðarlandi í Flóahreppi er skipt upp í 4 flokka, I-IV:

- **Flokkur I – kjörlendi fyrir akuryrkju.** Land fremur slétt, yfirleitt undir 5% halla og alltaf undir 10%. Jarðvegur frjór og auðveldlega plógtækur, nær ekkert grjót en í sumum tilfellum þarf að þurrka landið. Mjög gott akuryrkjuland.
- **Flokkur II – gott land fyrir akuryrkju.** Fremur slétt, hallinn yfirleitt undir 10% og alltaf undir 15% . Jarðvegur oft frjósamur en getur verið rýr og þá áburðarfrekur, sums staðar sendinn og þurrlendur.

<sup>2</sup> (Alþingi Íslands, 2016).

Plógtækur jarðvegur kann að vera allt niður í 25 cm þar sem hann er hvað grynstur. Stakir hólar, grjót/nibbur eða dælur kunna að raska samfellu í landi og í sumum tilfellum þarf að ræsa fram landið.

- **Flokkur III – blandað ræktunarland.** Halli frá því að vera lítill upp í nokkuð bratt, jafnvel 25% halla. Spildur misstórar þar sem hraun, grjót, halli eða annað getur raskað samfellu í landi. Jarðvegur nokkuð breytilegur, allt frá því að vera mjög frjór yfir í rýran móajarðveg og lítt gróin melasvæði. Jarðvegur getur verið grýttur. Hentar oft vel til túnræktar og í sumum tilfellum mögulegt til akuryrkju. Landið er yfirleitt gott til beitar eða skógræktar.



Mynd 2. Blómlegt býli í Flóahreppi.

- **Flokkur IV – annað land.** Ýmsar landgerðir þar sem ekki verður um samfellda jarðrækt að ræða m.a. vegna þess að jarðvegur er grunnur, hraun/grjót í eða við yfirborð og/eða halli lands er of mikill. Einnig eru þetta aurasvæði jökulvatna, sandsvæði og strandsvæði næst sjó sem og mjög blaut votlendissvæði (dælur) þar sem grunnvatnsstaða er talin það há að land er ekki þurrkunarhæft.

Land í flokki IV er oft sæmilega gróið og hentugt til beitar, sumarbeitar eða heilsársbeitar þegar um láglendissvæði er að ræða. Einnig er oft um að ræða svæði sem eru lítt gróin eða ógróin. Land í flokki IV er yfirleitt æskilegt til landgræðslu og skógræktar m.a. með það að markmiði að bæta landgæði til ræktunar / nýtingar.

Á landbúnaðarlandi í flokki I og II er ekki heimiluð landnýting sem takmarkar ræktunarmöguleika til akuryrkju s.s. samfelld skógræktarsvæði, byggð, umfangsmikil iðnaðarsvæði eða stórar námur. Komi fram áform um breytta landnotkun verður það skoðað og metið í hverju tilviki fyrir sig. Flokkun landbúnaðarlands er ekki einhlít og því þarf að gæta varúðar og jafnræðis við ráðstöfun lands, með tilliti til flokkunar landsins.

Flóahreppur er öflugt landbúnaðarsvæði og þar er stundaður fjölbreyttur landbúnaður. Verndun góðs landbúnaðarlands styrkir stoðir þess fjölbreytta landbúnaðar sem rekinn er og eykur þannig atvinnuöryggi íbúanna þar sem tryggt er að gott landbúnaðarland verði notað til landbúnaðar. Takmarkanir landeigenda gagnvart annarri landnotkun s.s. vegna íbúðar- eða frístundasvæða, kunna í afmörkuðum tilfellum að vera íþyngjandi. Þá ber að hafa í huga að slétt gras-/mó- eða votlendi með þykkum moldarjarðvegi þykja almennt séð ekki mjög eftirsóknarverð til frístunda- eða íbúðarbyggingar. Æskilegra er að byggja þar sem landslag er meira og undirlag hentar betur fyrir byggingar.

Hafa þarf í huga að kortlagning landbúnaðarlands er í mælikvarðanum 1:50.000 og því kunna að vera minni svæði inn á milli sem ættu betur heima í öðrum flokki. Vilji landeigandi fara í framkvæmdir á landbúnaðarlandi í flokki I og II er möguleiki að ráðast í frekari greiningu lands til að sýna fram á að það eigi betur heima í öðrum flokki.

### Önnur atvinnustarfsemi á landbúnaðarsvæðum

Heimilt er, þar sem er föst búseta, að starfrækja rekstur á landbúnaðarsvæðum sem ekki tengist beint landbúnaðarframleiðslu. Markmiðið er að gefa kost á bættri nýtingu húsakosts og styrkja byggð í dreifbýli, skjóta styrkari stoðum undir búrekstur og tryggja eftir því sem hægt er að jarðir haldist í landbúnaðarlotum. Heimilt er að nýta byggingar á býlum með viðbótum og/eða breytingum, án þess að breyta þurfi aðalskipulagi. Einkum er horft til starfsemi sem tengist ferðaþjónustu, greiðasölu, afurðasölu eða léttan iðnað sem fellur vel að og styður við landbúnaðarstarfsemi og búsetu á svæðinu.

Heimilt er, á jörð í ábúð, þar sem aðstæður leyfa, að hafa sérhæfðar byggingar fyrir aðra atvinnustarfsemi, s.s. smiðju, verkstæði, gistiheimili, verslun, smáhýsi og/eða byggingar fyrir veitingarekstur, svo fremi sem heildarstærð bygginga fari ekki yfir 500 m<sup>2</sup>. Umfangsmeiri rekstur verður einungis heimilaður á svæðum sem eru skilgreind sérstaklega fyrir atvinnustarfsemi í aðalskipulagi, s.s. afþreyingar- og ferðamannasvæði, verslun og þjónustu, athafna- eða iðnaðarsvæði.

Í einhverjum tilfellum er heimilt að reisa stök mannvirki á landbúnaðarsvæðum án þess að breyta þurfi aðalskipulagi, eins og nánar er lýst í kafla 2.4.9.

### Byggingar á landbúnaðarlandi

Á landbúnaðarsvæðum er fyrst og fremst gert ráð fyrir byggingum og starfsemi sem tengist landbúnaði. Nýjar byggingar verða að jafnaði ekki reistar á verndarsvæðum eða landbúnaðarlandi í flokki I og II nema þá í nágrenni núverandi mannvirkja og veitukerfa.

Á landbúnaðarsvæðum er heimilt að reisa stök íbúðarhús sem ekki tengjast búrekstri. Stök hús skulu að jafnaði reist utan verndarsvæða og góðs landbúnaðarlands (í flokki I og II). Staðsetja skal ný hús í námunda við þá byggð sem fyrir er til að nýta sem best tengingar við þjóðvegi og önnur dreifikerfi sem eru fyrir hendi (sbr. kafla 2.4.9). Það styrkir byggð að fjölga notendum þeirra veitukerfa sem nú þegar eru fyrir hendi og halda þarf í rekstri í dreifðum byggðum, bætt nýting núverandi kerfa styður við umhverfissjónarmið og hagkvæma þróun byggðar.

Útihús og aðrar byggingar tengdar landbúnaði skulu reistar í tengslum við önnur hús á jörðinni, þó þannig að mengun, s.s. lykt, hafi sem minnst áhrif á íbúa. Um eldihús alifugla, loðdýra og svína gildir reglugerð nr. 520/2015. Í 6. gr. reglugerðarinnar er gerð grein fyrir lágmarksfjarlægð eldishúsa frá nálægri byggð. Eldihús skulu ekki reist nær mörkum jarða og eignarlanda en 250 m. Staðsetningu eldishúsa verður að skoða í hverju tilfelli fyrir sig og meta t.d. út frá áætluðum fjölda dýra, fjarlægð frá þéttbýli, fjölsóttum ferðamannastöðum eða þjónustustöðum, ríkjandi vindátt og náttúrufarslegum aðstæðum. Öll alifugla, loðdýra- og svínarækt sem er það umfangsmikil að hún sé háð mati á umhverfisáhrifum skal vera á iðnaðarsvæði.

Æskilegt er að bæjartorfur séu deiliskipulagðar. Þó er heimilt þegar um er að ræða byggingu stakra mannvirkja sem tengjast starfsemi búans að fara með slíkar umsóknir í grenndarkynningu. Það á þó ekki við um eldishús sem falla undir ákvæði reglugerðar nr. 520/2015 um eldishús alifugla, loðdýra og svína.

### Landskipti

Heimilt er að skipta út stökum lóðum og/eða skipta jörðum, en skipting á landbúnaðarlandi í flokki I og II er óheimil, nema til áframhaldandi landbúnaðarnota. Markmiðið með takmörkun á landskiptum er að leitast við að tryggja að landbúnaðarland í flokki I og II verði áfram nýtt til landbúnaðar og matvælaframleiðslu, leitast við að halda í dreifbýlisfirbrigð og sporna við myndun íbúðarbyggðar.

Með umsókn um landskipti til sveitarstjórnar skulu fylgja upplýsingar um fjölda og stærð lóða/spildna, flokkun landbúnaðarlands, áform um uppbyggingu, aðkomu og tímaáætlun uppbyggingar.

Við afgreiðslu umsókna um landskipti verður einkum litið til eftirtalinna þátta:

- Fyrirhuguð uppbygging miði að því að leitast við að halda í dreifbýlisfirbrigð í sveitarfélaginu.
- Nýjar spildur séu í tengslum við og nýti þau veitu- og samgöngukerfi sem fyrir eru. Ekki verða heimiluð landskipti nema aðgengi að spildum frá þjóðvegi sé tryggt.
- Ekki sé lokað almennum göngu- og reiðleiðum né aðgengi takmarkað að áhugaverðum stöðum eða svæðum.
- Taka skal tillit til verndarsvæða.

### Niðurstaða umhverfismats áætlana

Niðurstaða sbr. umfjöllun í umhverfisskýrslu er að áhrif af verndun landbúnaðarlands í flokki I og II séu fremur jákvæð til lengri tíma litið. Það er í samræmi við stefnu stjórnvalda og landsskipulagsstefnu að standa vörð um gott ræktunarland og nýta það til matvælaframleiðslu, en gæta þarf að vernd vistkerfa, s.s. votlendis þegar land er brotið til ræktunar.

Í heild hefur stefna um byggingarheimildir á landbúnaðarlandi jákvæð eða óveruleg áhrif á umhverfisþætti. Stefna sveitarstjórnar er að mannvirki skuli reist sem næst núverandi mannvirkjum en það er hagkvæmara fyrir rekstur veitna og vega. Þá er einnig stefnt að eflingu byggðar og atvinnulífs og rýmri heimildum til uppbyggingar er ætlað að stuðla að því og einfalda íbúum að byggja upp atvinnurekstur. Horfið er frá því að takmarka fjölda íbúðar- eða frístundahúsa á hverri jörð.



## 2.4.2 Skógræktar og landgræðslusvæði

Í grein 6.2. í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, eru skógræktar- og landgræðslusvæði skilgreind sem „svæði fyrir skógrækt og landgræðslu, svo sem nytjaskógrækt, fjölnytjaskógrækt, landbótaskógrækt, skjólbelti, landgræðsluskógrækt, skipulagða landgræðslu og aðra uppgræðslu“.

### Markmið:

- Leitast verði við að efla skógrækt og skjólbeltarækt.
- Samfelld skógrækt er óheimil á landbúnaðarlandi í flokki I og II.
- Á svæðum sem hafa sérkenni og eiginleika sem skógrækt getur spillt s.s. vegna náttúrufars, auðlinda, útivistargildis, fornleifa eða söguminja verði skógrækt takmörkuð eða óheimil.
- Hugað skal að því að skógrækt spilli ekki útsýnisstöðum, byrgi ekki ásýnd fjalla og fossa eða valdi snjósöfnun á vegum.
- Sé þess þörf verði unnið að stöðvun gróður- og jarðvegseyðingar og endurheimt landgæða, m.a. með landgræðslu.
- Unnið verði að stöðvun landbrots af völdum fallvatna ef þurfa þykir.

### Leiðir:

- Skógrækt og skjólbeltarækt verði eflað til útivistar og skjóls. Einnig til að bæta búsetuskilyrði og ræktunarmöguleika.
- Skógrækt skal falla vel að landi.
- Skógrækt verði nýtt til bindingar kolefnis.
- Spornað verði við landbroti af völdum þjórsár með styrkingu og viðhaldi varnargæða.

Gert er ráð fyrir að skógrækt og skjólbeltarækt í tengslum við Suðurlandsskógaverkefnið styrkist sem atvinnugrein og að þátttakendum í verkefninu komi til með að fjölga. Nokkur skógræktarsvæði eru skilgreind á skipulagsuppdraetti og er afmörkun á hluta þeirra fengin frá Skógræktinni. Skógræktarsvæði sem skilgreind eru í skipulagsáætluninni eru ýmist svæði á vegum skógræktarféлага, skógrækt í tengslum við Suðurlandsskógaverkefnið eða skógrækt á vegum einstaklinga.

Skógrækt og landgræðsla er viðurkennd aðferð við bindingu kolefnis í jarðvegi. Auk þess veitir skógrækt skjól gegn gróður- og jarðvegseyðingu. Þá veitir skógur eða skjólbelti skjól á ökrum, beitolöndum og í byggð. Mikilvægt er að skógrækt falli vel að landslagi og að ekki verði plantað skógi fyrir góða útsýnisstaði.

Líkleg áhrif af stefnu um skógrækt voru metin í umhverfisskýrslu. Niðurstaða þess mats er að það hafi jákvæð áhrif að heimila ekki skógrækt á góðu landbúnaðarlandi (flokkur I og II). Landið verði þá nýtt áfram til landbúnaðar. Skógrækt hefur mikil áhrif á landslag og ásýnd og skiptir þá stærð og staðsetning miklu um hversu umfangsmikil áhrifin eru. Skógrækt eða skjólbeltarækt myndar skjól og getur þannig bætt lífsgæði og aukið uppskeru á ræktarlandi.

Samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og reglugerð um mat á umhverfisáhrifum nr. 660/2015, skal tilkynna til Skipulagsstofnunar um skógræktaráætlanir sem taka yfir 200 ha lands eða meira, eða skógrækt á verndarsvæðum. Skipulagsstofnun ákvarðar matsskyldu framkvæmdanna. Þá skal tilkynna um alla aðra skógrækt til sveitarstjórnar sem ákvarðar um matsskyldu framkvæmdar sbr. 14 gr. reglugerðar nr. 660/2015. Þá ber að tilkynna til Skipulagsstofnunar um allar uppgræðsluaðgerðir á verndarsvæðum, sbr. sömu reglugerð. Bæði tilkynningaskyldar og matsskyldar framkvæmdir eru háðar framkvæmdaleyfi.

Samkvæmt 5. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 þá eru eftirtaldar framkvæmdir háðar framkvæmdaleyfi; nýræktun skóga hvort sem um er að



Mynd 3. Skógrækt í tengslum við Suðurlandsskóga er stunduð á nokkrum jörðum.

ræða nytjaskóg eða útivistarskóg, skógareyðing og uppgræðsla lands á verndarsvæðum. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en hafin er skógrækt á svæðum sem njóta sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd nr. 60/2013.

Engin landgræðslusvæði eru afmörkuð í sveitarfélaginu. Ekki þarf að breyta aðalskipulagi til að skilgreina ný landgræðslusvæði svo fremi að afmörkun þeirra hafi ekki neikvæð áhrif á verndarsvæði eða minjar. Landgræðsla er heimil hvarvetna þar sem hennar er talin þörf í sveitarfélaginu.

Nokkuð er um að Þjórsá brjóti land við bakka sína. Á nokkrum stöðum hafa verið gerðir varnargarðar eða bakkavarnir til að sporna gegn landbroti. Haldið verður áfram að sporna gegn landbroti eftir því sem þurfa þykir. Varnargarðar eru háðir framkvæmdaleyfi skv. 5. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.

Landgræðsla og skógrækt skulu taka mið af alþjóðlegum samningum sem Ísland er aðili að, s.s. samningi um líffræðilega fjölbreytni og Parísarsamkomulaginu.

Um skógræktar- og landgræðslusvæði gildir að öðru leyti eftirfarandi:

- Landgræðslu- og skógræktaráætlanir skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir og taka mið af þeim verndarákvæðum sem þar eru sett fram, s.s. vegna hverfisverndar (kafli 2.8.2), náttúruverndarsvæða (kafli 2.8.1) og fornminja (kafli 2.8.3).
- Skógrækt skal ekki fara nær friðlýstum fornminjum en 100 m og ekki nær öðrum merkum minjum en 20 m.
- Taka skal tillit til jarðmyndana og vistkerfa sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.
- Nytjaskógrækt og skjólbeltarækt verði að jafnaði ekki nær ár- og vatnsbökkum en 30 m og að jafnaði ekki nær þjóðvegum en 50 m. Skógrækt skal ekki vera innan helgunarsvæða raflína.
- Við skógrækt eða skjólbeltarækt skal þess gætt að trjágróður loki ekki göngu- eða reiðleiðum. Þá er óheimilt að loka fornum vegum/leiðum.
- Þess skal gætt að skógrækt trufli ekki umferð á vegum m.t.t. snjósöfnunar og útsýnis.
- Beitarfriðun verði á sandfokssvæðum við Þjórsá, á Egilsstaðasandi og frá Ferjunesi að Sýrlækjarbót, eftir því sem þurfa þykir.

Engin landgræðslusvæði eru í Flóahreppi en í töflu hér að neðan er yfirlit yfir skógræktarsvæði, eins langt og upplýsingar um þau ná:

Skógræktarsvæði			
Nr.	Heiti svæðis	Lýsing	Jörð
SL1	Glymskógar	Skógarreitir rétt austan Selfoss. Stærð svæðis er um 15 ha.	Laugardælir
SL2	Tún	Skógræktarsvæði skv. Suðurlandsskógum. Stærð um 40 ha.	Tún
SL3	Ölvisholt	Stærð svæðis er um 5 ha.	Ölvisholt
SL4	Ölvisholt	Stærð svæðis er um 2 ha.	Ölvisholt
SL5	Neistastaðir	Skógræktarsvæði skv. Suðurlandsskógum. Stærð svæðis er um 50 ha.	Neistastaðir
SL6	Hnaus	Skógræktarsvæði skv. Suðurlandsskógum. Stærð um 40 ha.	Hnaus
SL7	Hnaus	Skógræktarsvæði skv. Suðurlandsskógum. Stærð um 7 ha.	Hnaus
SL8	Hnaus	Stærð svæðis er um 18 ha	Hnaus
SL9	Bitra	Skógræktarsvæði skv. Suðurlandsskógum. Stærð um 77 ha.	Bitra
SL10	Heiðarbær	Skógræktarsvæði skv. Suðurlandsskógum. Stærð um 75 ha.	Heiðarbær
SL11	Skálmholt	Skógræktarsvæði skv. Suðurlandsskógum. Stærð um 20 ha.	Skálmholt
SL12	Skálmholt	Skógræktarsvæði skv. Suðurlandsskógum. Stærð um 25 ha.	Skálmholt
SL13	Kampholt	Stærð svæðis er um 30 ha.	Kampholt
SL14	Kampholt	Stærð svæðis er um 42 ha.	Kampholt
SL15	Ósavatn	Stærð svæðis er um 27 ha.	Ósavatn

SL16	Skagaás	Skógræktarsvæðið í Skagaási, stærð er um 6 ha. Svæðið er í umsjá Skógræktarfélags Villingaholtshrepps.	Breiðholt
SL17	Sviðugarðar	Stærð svæðis er um 2,5 ha.	Sviðugarðar
SL18	Timburhóla-skógur	Gróskumikill skógræktarreitur við Gaulverjabæjarveg. Stærð svæðis er um 5 ha.	Seljatunga
SL19	Skálmholts-hraun	Skógræktarsvæði, stærð svæðis er um 74 ha.	Skálmholts-hraun

### 2.4.3 Verslun og þjónusta

Í grein 6.2. í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, er svæði fyrir verslun- og þjónustu skilgreint sem „svæði þar sem gert er ráð fyrir verslun og þjónustu, þ.m.t. hótélum, gistiheimilum, gistiskálum, veitingahúsum og skemmtistöðum“.

#### Markmið:

- **Stuðlað verði að nýjum atvinnutækifærum á sviði verslunar- og þjónustu.**
- **Þjónusta við ferðamenn verði eflað og afþreyingarmöguleikum fjölgað til að fjölga atvinnutækifærum og renna styrkari stoðum undir byggð.**

#### Leiðir:

- *Leitað verði eftir nýjum tækifærum á sviði ferðaþjónustu ásamt því að efla þau tækifæri sem fyrir eru.*
- *Unnið verði að markaðssetningu gistinguöguleika á svæðinu til að fjölga gistinguöguleikum og lengja dvöl ferðamanna.*
- *Unnið verði að stefnumörkun varðandi ferðaþjónustu vegna mikillar fjölgunar ferðamanna og uppbyggingar í ferðaþjónustu.*
- *Í deiliskipulagi verði skilgreint umfang og eðli verslunar- og þjónustusvæða í dreifbýli.*
- *Byggingar geta verið á einni til tveim hæðum.*

Í Flóahreppi hefur á nokkrum stöðum byggst upp ferðaþjónusta á bújörðum samhliða búskap. Gert er ráð fyrir að þessi þróun haldi áfram. Áætlað er að gistirúm í sveitarfélaginu séu um 350. Tillagan gerir ráð fyrir þeim möguleika að rúmum geti fjölgað nokkuð. Sú fjölgun er þó engan vegin í takt við þann fjölda ferðamanna sem leggur leið sína um Flóahrepp.

Núverandi og ný verslunar- og þjónustusvæði skulu taka mið af stefnu um umhverfi og yfirbragð byggðar sbr. kafla 2.2, eftir því sem við á. Ganga skal vel frá mannvirkjum og allur frágangur og umgengni taka mið af umhverfinu. Útlit og ásýnd bygginga skal falla sem best að nánasta umhverfi. Ganga þarf vel frá lögnum s.s. frárennsli og tryggja gott aðgengi til tæmingar rotþróa. Hér að neðan er yfirlit yfir staði í flokki verslunar og þjónustu í sveitarfélaginu og tilgreint hverskonar starfsemi fer fram á þeim eða er fyrirhuguð:



Mynd 4. Byggst hefur upp ferðaþjónusta í tengslum við Íslenska bæinn í Austur-Meðalholti.



Verslunar- og þjónustusvæði			
Nr.	Heiti svæðis	Lýsing	Jörð
VP1	Laugardælir	Gert er ráð fyrir fjölbreyttri verslun, veitingastöðum og ýmis konar þjónustu. Stærð svæðis er um 11 ha.	Laugardælir
VP2	Laugardælir	Gert er ráð fyrir fjölbreyttri verslun, veitingastöðum og ýmis konar þjónustu. Stærð svæðis er um 7 ha.	Laugardælir
VP3	Laugardælir	Gert er ráð fyrir fjölbreyttri verslun, veitingastöðum og ýmis konar þjónustu. Stærð svæðis er um 4 ha.	Laugardælir
VP4	Langholt	Í deiliskipulagi er gert er ráð fyrir gistihúsi með 11 herbergjum og gistingu fyrir allt að 25 gesti. Einnig húsi fyrir starfsfólk. Stærð svæðis er um 1 ha.	Langholt
VP5	Lambastaðir	Á staðnum er veitingasala og gisting fyrir 22 gesti. Gert er ráð fyrir frekari uppbyggingu, m.a. stækkun á gistingu fyrir allt að 40 gesti. Stærð svæðis er um 5 ha.	Lambastaðir
VP6	Gamla Þingborg	Ullarvinnslan Þingborg og gallerí. Gert er ráð fyrir að starfsemin geti eflst. Stærð svæðis er um 2 ha.	Þingborg
VP7	Bitra	Á staðnum er rekin ferðaþjónusta, gisting fyrir 34 gesti og veitingasala. Gert er ráð fyrir frekari uppbyggingu, s.s. veitingaþjónustu og allt að 120 herbergja hótels með gistingu fyrir allt að 240 gesti. Einnig er gert ráð fyrir starfsmannahúsum. Stærð svæðis er um 5 ha.	Bitra
VP8	Skeiðavegamót	Í deiliskipulagi er gert ráð fyrir allt að 5.000 m <sup>2</sup> þjónustumiðstöð með veitingasölu og eldsneytissölu. Stærð svæðis er allt að 3 ha.	Bitra
VP9	Hraunmörk	Í deiliskipulagi er gert ráð fyrir fjórum gestahúsum. Gisting er fyrir 28 gesti. Gert er ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu ferðaþjónustu m.a. stækkun á gistingu fyrir allt að 40 gesti. Stærð svæðis er allt að 5 ha.	Hraunmörk
VP10	Skálmholt	Í deiliskipulagi er gert ráð fyrir gistingu og ýmis konar þjónustu við ferðamenn. Gert er ráð fyrir gistingu fyrir allt að 20 gesti. Stærð svæðis er um 2 ha.	Skálmholt
VP11	Hnaus	Í deiliskipulagi er gert ráð fyrir allt að 20 herbergja hóteli á um 2 ha svæði. Gisting fyrir allt að 50 gesti.	Hnaus
VP12	Vatnsholt	Veitinga- og gistihús fyrir um 70 gesti. Gert er ráð fyrir frekari uppbyggingu ferðaþjónustu, m.a. fjölgun rúma í allt að 100 og frekari veitingaaðstöðu. Stærð svæðis er allt að 5 ha.	Vatnsholt
VP13	Gaulverjaskóli og Félagslundur	Á staðnum er rekin gisting fyrir um 100 gesti og þjónusta fyrir ferðamenn, einnig tjaldsvæði og félagsheimili. Gert er ráð fyrir frekari uppbyggingu. Stærð svæðis er allt að 3 ha.	Gaulverjaskóli og Félagslundur
VP14	Íslenski bærinn	Íslenski bærinn í Austur-Meðalholti. Húsapýrping gamalla torfbæja, sýningar, hleðsluskóli og kaffihús. Gisting fyrir um 20 gesti. Gert er ráð fyrir að starfsemi á staðnum geti eflst. Stærð svæðis er allt að 3 ha.	Austur-Meðalholt
VP15	Kríumýri	Sveitakrá, veitingasala, gisting fyrir 8 gesti og tjaldsvæði. Gert er ráð fyrir frekari uppbyggingu s.s. gistingu fyrir 20 gesti og stækkun tjaldsvæðis. Stærð svæðis er allt að 2 ha.	Kríumýri
VP16	Urriðafoss	Í deiliskipulagi er gert ráð fyrir byggingu 11 gestahúsa. Lögð er áhersla á að byggingar séu sem minnst áberandi í landi, mænisstefna fylgi landinu, og hús séu í mildum lítt áberandi litum. Gert er ráð fyrir gistingu fyrir allt að 50 gesti. Stærð svæðis er um 2 ha.	Urriðafoss
VP17	Ásahraun	Heimilt er að setja upp smáhúsi fyrir ferðaþjónustu. Gert er ráð fyrir gistingu fyrir allt að 10 gesti. Stærð svæðis er um 1 ha.	Ásahraun
VP18	Grænhólar	Unnið er að gerð deiliskipulags þar sem gert er ráð fyrir allt að sex 30 m <sup>2</sup> gestahúsum og þjónustuhúsi. Gert er ráð fyrir gistingu fyrir allt að 30 gesti. Stærð svæðis er um 5 ha.	Grænhólar

<b>VP19 Ölvisholt 4</b>	Á staðnum er rekið brugghús og fyrirhugað er að hefja veitinga- rekstur. Stærð svæðis er um 2 ha.	Ölvisholt 4
<b>VP20 Egilsstaðir 1</b>	Á staðnum er boðið upp á hestaferðir og gistingu í gestahúsum. Gisting er fyrir allt að 10 gesti. Stærð svæðis er um 1 ha.	Egilsstaðir 1
<b>VP21 Langholt 1</b>	Gert er ráð fyrir byggingu 10 heilsárshúsa sem ætluð eru fyrir útleigu fyrir ferðamenn. Hámarks byggingamagn á hverri lóð er 200 m <sup>2</sup> og eitt til tvö hús. Gert er ráð fyrir gistingu fyrir allt að 50 gesti. Stærð svæðis er um 11 ha.	Langholt 1
<b>VP22 Ölvisholt</b>	Fyrirhugað er að setja upp gistingu í gestahúsum/tjöldum ásamt þjónustuhúsum. Gert er ráð fyrir gistingu fyrir allt að 30 gesti í húsum. Stærð svæðis er um 8 ha.	Ölvisholt

### Niðurstaða umhverfismats áætlana

Sveitarstjórn leggur áherslu á að áfram verði byggð upp ferðaþjónusta í dreifbýli sveitarfélagsins, bæði til að bæta þjónustu við ferðamenn og auka tekjumöguleika íbúa. Áfram er gert ráð fyrir að ferðamönnum fjölgi, sbr. greiningu Arion banka o.fl. aðila og nauðsynlegt er að uppbygging ferðaþjónustu, þar með talið gististaða taki mið af þeirri fjölgun. Minnt er á að bygging hótela í dreifbýli er tilkynninga- skyld til Skipulagsstofnunar í samræmi við reglugerð um mat á umhverfisáhrifum nr. 660/2015.

#### 2.4.4 Afþreyingar- og ferðamannasvæði

Í grein 6.2. í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, er afþreyingar- og ferðamannasvæði skilgreint sem „svæði fyrir afþreyingu og móttöku ferðafólks, þ.m.t. þjónustumiðstöðvar á hálendi og verndarsvæðum, fjalla- skálar, tjald- og hjólhýsasvæði og skemmtigarðar“.

#### Markmið:

- **Stuðlað verði að eflingu ferðaþjónustu og fjölgun afþreyingarmöguleika en jafnframt gætt að því að varðveita þau gæði sem eru undirstaða ferðaþjónustu.**
- **Búið verði í haginn með gerð bílastæða, lagningu göngustíga, merkingum, upplýsingum og eftir atvikum salernisaðstöðu.**
- **Við skipulag ferðamannastaða verði hugað að öryggi ferðamanna, m.a. gagnvart vegtengingum við fjölfarna vegi.**
- **Settar verði almennar reglur um stýringu ferðamanna og uppbyggingu á ferðamannastöðum.**

#### Leiðir:

- Ferðamannasvæði verði skipulögð til að sinna betur þörfum og auknum fjölda ferðamanna, hugað verði að öryggi þeirra, m.a. gagnvart vegtengingum við fjölfarna vegi.
- Búið verði í haginn fyrir ferðamenn með gerð bílastæða, göngustíga, upplýsingum, merkingum og eftir atvikum snyrtingum og öðrum þjónustubyggingum.
- Útfærðar verði hjóla-, göngu- og reiðleiðir til að bæta nýtingu þeirra innviða sem fyrir eru.

Fimm svæði eru í þessum flokki. Við Urriðafoss er búið að útbúa áningarstað og stíga að Þjórsá og fossinum. Einnig eru tvö lítil veiðishús felld í þennan flokk. Við inntak Flóaáveitunnar við Hvítá hefur verið sett upp upplýsingaskilti um áveituna. Tjaldsvæði er í Þingborg en flokkað með félagsheimilinu sem samfélagsþjónusta. Í verkefninu „Auðlindir íslenskrar ferðaþjónustu“ voru kortlagðir staðir þar sem upplifa má einstaka eiginleika í náttúrufari eða menningu. Þessi kortlagning er nokkuð takmörkuð og ekki er raunhæft að gera alla þessa staði aðgengilega fyrir ferðamenn. Á nokkrum þessara staða hefur þó verið búið í haginn fyrir ferðamenn, s.s. með gerð bílastæða, stíga og upplýsingaskilta. Gert er ráð fyrir að áfram verði búið í haginn fyrir móttöku á ferðamönnum. Í landsskipulagsstefnu er gert ráð fyrir að ferðaþjónusta verði eflað en um leið verði varðveitt þau gæði sem eru undirstaða hennar. Gert er ráð fyrir svigrúmi á afþreyingar- og ferðamannasvæðum til að viðhalda núverandi mannvirkjum eða reisa ný í stað þeirra sem nú eru. Núverandi og ný afþreyingar- og ferðamannasvæði skulu taka mið af stefnu um umhverfi og yfirbragð byggðar í kafla 2.2, eftir því sem við á. Ganga skal vel frá mannvirkjum og allur

frágangur og umgengni taka mið af umhverfinu. Útlit og ásýnd bygginga skal falla sem best að nánasta umhverfi. Ganga þarf vel frá lögnum s.s. frárennsli og tryggja gott aðgengi til tæmingar rotþróa.

Æskilegt er að fjölga afþreyingarmöguleikum til að ferðamenn dvelji lengur í sveitarfélaginu. Samhliða þarf að huga að náttúru- og minjavernd, sjálfbærni staða, þjónustu við ferðamenn, að mannvirki falli sem best að landinu og að viðhaldi þeirra sé sinnt eftir þörfum. Í þessu skini er gert er ráð fyrir að settar verði almennar reglur um stýringu ferðamanna og uppbyggingu á ferðamannastöðum. Þessar reglur taka m.a. til göngustíga og palla og uppbyggingar þeirra, aðgangsstýringar og dreifingar á ferðamönnum yfir daginn ásamt þyrluumferð og notkunar flygilda (dróna).

Fjallað er um þjónustu og hugsanlega uppbyggingu á hverjum stað í eftirfarandi töflu:

Afþreyingar- og ferðamannasvæði		
Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
AF1	Stóra-Ármót	Veiðihús. Stærð svæðis er um 1 ha.
AF2	Flóðgáttin	Inntak Flóaáveitunnar við Hvítá. Þar er upplýsingaskilti með upplýsingum um áveituna og merkt gönguleið með Hvítá. Gert er ráð fyrir viðhaldi núverandi mannvirkja og að aðstaða fyrir ferðamenn verði bætt. Stærð svæðis er um 2 ha.
AF3	Urriðafoss	Áningarstaður fyrir ferðamenn við Urriðafoss í Þjórsá, bílastæði, stígar og allar. Gert er ráð fyrir frekari uppbyggingu til að taka á móti ferðamönnum, t.d. snyrtingum. Stærð svæðis er um 2 ha.
AF5	Voli	Veiðihús við Vola. Stærð svæðis er um 1 ha.

#### Niðurstaða umhverfismats áætlana

Ekki þykir ástæða til að meta áhrif stefnunnar þar sem verið er að fella núverandi starfsemi undir nýjan landnotkunarflokk skv. skipulagsreglugerð.

#### 2.4.5 Samfélagsþjónusta

Í grein 6.2. í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, er svæði fyrir samfélagsþjónustu skilgreint sem „svæði fyrir stofnanir og fyrirtæki sem óháð eignaraðild veita almenna þjónustu við samfélagið, svo sem menntastofnanir, heilbrigðisstofnanir, menningarstofnanir, félagslegar stofnanir, trúarstofnanir og aðrar þjónustustofnanir ríkis, sveitarfélaga eða annarra aðila“.

#### Markmið:

- **Stuðlað verði að betri þjónustu við íbúa í dreifbýli til að renna styrkari stoðum undir byggð á svæðinu.**
- **Starfsemi núverandi þjónustustofnana verði eflid.**
- **Unnið verði að eflingu á sviði öldrunarmála í samstarfi við nágrennasveitarfélögin.**


#### Leiðir:

- *Aðgengi að þjónustustofnunum verði bætt til að bæta nýtingu á einstökum stofnunum.*
- *Vel verði búið að söfnum og menningarstofnunum og sá auður sem í þeim felst nýttur til að laða að ferðamenn og miðla þekkingu um sögu og menningu svæðisins til skólabarna, íbúa og ferðamanna.*

Helstu stofnanir í dreifbýlinu eru kirkjur, skóli, leikskóli og félagsheimili. Ekki er gerð sérstök grein fyrir kirkjugörðum í aðalskipulaginu en þeir hafðir með sem hluti stofnansvæðis viðkomandi kirkju.

Miðað við aldurssamsetningu íbúa í Flóahreppi og á landinu öllu þá fjölga í hópi aldraðra meðan það er heldur fækkun í yngstu árgöngunum (kafli 3.1 í Forsenduhefti). Því þarf að gera ráð fyrir að þjónusta við eldri borgara verði meiri þegar fram í sækir.

Margar þjónustustofnanir í dreifbýli eru háðar sérstökum skilyrðum í lögum eða samningum, s.s. sóknarkirkjur, félagsheimili og skólar. Notkun á landi sem tilheyrir hlutaðeigandi stofnunum er háð samþykktu deiliskipulagi.



Mynd 5. Hraungerðiskirkja.

Svæði fyrir samfélagsþjónustu skulu taka mið af stefnu um umhverfi og yfirbragð byggðar í kafla 2.2, eftir því sem við á. Ganga skal vel frá mannvirkjum og allur frágangur og umgengni taka mið af umhverfinu. Útlit og ásýnd bygginga skal falla sem best að nánasta umhverfi. Ganga þarf vel frá lögnum s.s. frárennsli og tryggja gott aðgengi til tæmingar rotþróa.

Í Flóahreppi eru eftirfarandi svæði skilgreind fyrir samfélagsþjónustu:

Samfélagsþjónusta		
Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
S1	Laugardælakirkja	Kirkja og kirkjugarður. Stærð svæðis er allt að 2 ha.
S2	Hraungerðiskirkja	Kirkja og kirkjugarður. Stærð svæðis er allt að 2 ha.
S3	Þingborg	Félagsheimilið Þingborg og skrifstofa sveitarfélagsins ásamt leikskólanum Krakkaborg. Þar er einnig tjaldsvæði. Stærð svæðis er allt að 3 ha.
S4	Villingaholtskirkja	Kirkja og kirkjugarður. Stærð svæðis er allt að 2 ha.
S5	Flóaskóli og félagsheimilið Þjórsárver	Flóaskóli og félagsheimilið Þjórsárver, íbúðir fyrir starfsfólk Flóaskóla. Stærð svæðis er um 5 ha.
S6	Gaulverjabæjar-kirkja	Kirkja og kirkjugarður. Stærð svæðis er allt að 2 ha.

#### 2.4.6 Íþróttasvæði

Í grein 6.2. í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, er svæði fyrir íþróttaaðstöðu skilgreint sem "svæði fyrir landfreka íþróttaaðstöðu aðra en þá sem þjónar tilteknu hverfi, svo sem skeiðvelli og hesthúsabyggð, akstursíþróttasvæði, skotæfingasvæði, golfvelli og stærri íþróttamiðstöðvar".

Markmið:

- Leitast verði við að byggja upp fjölbreytta íþróttaaðstöðu í sveitarfélaginu.

Leiðir:

- Stuðlað verði að viðhaldi og góðri nýtingu á núverandi íþróttamannvirkjum.
- Íþróttamannvirkjum verði fjölgað ef þörf krefur.

Í Flóahreppi er einn golfvöllur, Svarfhólvöllur í landi Laugardæla. Á nokkrum bæjum í sveitarfélaginu eru reiðvelli til einkanota og teljast þeir til landbúnaðarsvæða.

Íþróttasvæði			
Nr.	Heiti svæðis	Lýsing	Jörð
Íþ1	Svarfhólvöllur	Golfvöllur og þjónustuhús, gert er ráð fyrir að starfsemin verði eflid og holum fjölgað. Einnig er gert ráð fyrir tjaldsvæði í tengslum við golfvöllinn ásamt göngu- og reiðleiðum. Unnið er að gerð deiliskipulags fyrir golfvöllinn. Stærð svæðis er um 74 ha	Laugardælir

### 2.4.7 Iðnaðarsvæði

Í grein 6.2. í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, er iðnaðarsvæði skilgreint sem „svæði fyrir umfangsmikla iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, svo sem verksmiðjur, virkjanir, þ.m.t. vatnsfallsvirkjanir, jarðhitavirkjanir, sjávarfallavirkjanir og vindmyllur, tengivirki, veitustöðvar, skólpælu- og hreinsistöðvar, endurvinnslustöðvar, brennslustöðvar, förgunarstöðvar, sorpurðunarsvæði, flokkunarmiðstöðvar og birgðastöðvar fyrir mengandi efni“.

#### Markmið:

- Sköpuð verði ákjósanleg skilyrði fyrir nýja atvinnustarfsemi, s.s. framleiðsluiðnað og matvælaíðnað.
- Áfram verði samvinna við nágrannasveitarfélög varðandi flokkun og förgun sorps.
- Lögð er áhersla á snyrtilega umgengni og vandaðan frágang lóða.
- Umfang og staðsetning starfsemi, sem haft getur mengun í för með sér, verður vandlega ígrunduð m.t.t. áhrifa á byggð og náttúru.

#### Leiðir:

- Unnið verði áfram að jarðhitarannsóknum með frekari nýtingu í huga. Heimilt er að bora tilraunaholur vegna hugsanlegrar nýtingar jarðhita, án þess að skilgreina svæðið sem iðnaðarsvæði.
- Unnin verður stefnumótun varðandi vindrafstöðvar í samráði við nágrannasveitarfélög.
- Unnið verður með hlutaðeigandi stofnunum s.s. á sviði heilbrigðiseftirlits þegar fjallað er um mengandi starfsemi, s.s. hljóð- og lyktarmengun eða mengun vegna fráveitu.
- Horft verði til hagkvæmustu lausna á meðferð og endurvinnslu sorps á hverjum tíma.

Flóahreppur er aðili að Sorpstöð Suðurlands sem er byggðasamlag flestra sveitarfélaga á Suðurlandi. Unnin hefur verið svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs og er stefna um sorpförgun háð útfærslu svæðisáætlunarinnar. Áfram verður unnið að því að flokka og endurvinna sorp eins og kostur er og leitast við að minnka flutningskostnað og magn þess sorps sem þarf að urða, í anda Staðardagskrár 21. Íbúar flokka sorp í þrjár tunnur og er sorp hirt reglulega frá hverju heimili. Gámasvæði sveitarfélagsins er í Árborg.

Vatnsaflsvirkjanir allt að 200 kW, minni vindrafstöðvar, spennistöðvar og dælumannvirki upp að ákveðinni stærð, eru heimilaðar á landbúnaðarlandi sbr. ákvæði í kafla 2.4.9.

Núverandi og ný iðnaðarsvæði skulu taka mið af stefnu um umhverfi og yfirbragð byggðar í kafla 2.2. Ganga skal vel frá mannvirkjum og allur frágangur og umgengni taka mið af umhverfinu. Útlit og ásynd bygginga skal falla sem best að nánasta umhverfi. Ganga þarf vel frá lögnum s.s. frárennsli og tryggja gott aðgengi til tæmingar rotþróa.



Mynd 6. Iðnaðarsvæði við Heiðargerði.

Iðnaðarsvæði eru talin upp í eftirfarandi töflu:

Iðnaðarsvæði			
Nr.	Heiti	Lýsing	Jörð
11	Laugardælir	Borholur fyrir hitaveitu og dæluhús. Stærð svæðis er um 2 ha.	Laugardælir
12	Laugardælir	Borholur fyrir hitaveitu og dæluhús. Stærð svæðis er um 2 ha.	Laugardælir
13	Laugardælir	Borholur fyrir hitaveitu og dæluhús. Stærð svæðis er um 2 ha.	Laugardælir
14	Ósaboðnar	Borholur fyrir hitaveitu. Stærð svæðis er allt að 5 ha.	Stóra-Ármót
15	Oddgeirshólar	Borholur fyrir hitaveitu. Stærð svæðis er um 2 ha.	Oddgeirshólar
16	Heiðargerði	Deiliskipulagðar eru átta iðnaðarlóðir og er starfsemi á nokkrum þeirra. Gert er ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu á lóðunum. Stærð svæðis er um 3 ha.	Hraungerði

17	<b>Stóru-Reykir</b>	Borholur fyrir hitaveitu. Stærð svæðis er um 2 ha.	Stóru-Reykir
18	<b>Galtastaðir</b>	Gert er ráð fyrir þremur allt að 15 m háum timburstaurum sem mynda móttökuloftnet vegna flugumferðar yfir Atlantshaf og allt að 25 m <sup>2</sup> tækjahúsi á einni hæð í tengslum við það. Stærð svæðis er um 3 ha.	Galtastaðir
19	<b>Sölvholt</b>	Borholur fyrir hitaveitu. Stærð svæðis er um 2 ha.	Sölvholt

### Niðurstaða umhverfismats áætlana

Ekki þykir ástæða til að meta áhrif stefnunnar sem er í meginráttum samhljóða stefnu í gildandi skipulagi.

#### 2.4.8 Athafnasvæði

Í grein 6.2 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 er athafnasvæði skilgreint sem „svæði fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hætta er á mengun svo sem léttur iðnaður, hreinleg verkstæði, bílasölur og umboðs- og heildverslanir. Einnig atvinnustarfsemi sem þarfnast mikils rýmis, t.d. vinnusvæði utandyra á lóðum eða starfsemi sem hefur í för með sér þungaflutninga, svo sem vörugeymslur og matvælaíðnaður“.

#### Markmið:

- Að sköpuð verði ákjósanleg skilyrði fyrir atvinnustarfsemi.
- Efla núverandi atvinnustarfsemi, hvetja til nýsköpunar og styðja við sprotafyrirtæki.
- Lögð er áhersla á snyrtilega umgengni og vandaðan frágang lóða.

#### Leiðir:

- Sveitarfélagið hafi frumkvæði að því að hvetja til nýsköpunar og laða til sín sprotafyrirtæki.

Gert er ráð fyrir að á athafnasvæðum geti byggst upp léttur iðnaður sem hefur litla mengunarhættu í för með sér. Núverandi og ný athafnasvæði skulu taka mið af stefnu um umhverfi og yfirbragð byggðar í kafla 2.2, eftir því sem við á. Ganga skal vel frá mannvirkjum og allur frágangur og umgengni taka mið af umhverfinu. Útlit og ásýnd bygginga skal falla sem best að nánasta umhverfi. Ganga þarf vel frá lögn-um s.s. frárennsli og tryggja gott aðgengi til tæmingar rotþróa.

Athafnasvæði eru eftirarandi:

Athafnasvæði			
Nr.	Heiti	Lýsing	Jörð
AT1	Heiðargerði	Gert er ráð fyrir uppbyggingu ýmis konar hreinlegrar athafnastarfsemi. Stærð svæðis er um 7 ha.	Hraungerði
AT2	Eystri-Hellur	Svæðið er deiliskipulagt. Gert er ráð fyrir mis stórum húsum og mismunandi húsagerðum á um 20 lóðum. Stærð svæðis er um 6 ha.	Eystri-Hellur

#### 2.4.9 Stakar framkvæmdir

Í grein 4.3.1. í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, er fjallað um „Hvernig farið skuli með stakar skipulags-skyldar framkvæmdir sem ekki er talin þörf á að afmarka sérstaka landnotkun fyrir, enda sé um að ræða framkvæmdir sem ekki eru taldar líklegar til að valda verulegum áhrifum á umhverfið. Hér er átt við smávirkanir, litlar spennistöðvar, minni háttar mannvirki, stök fjarskiptamöstur, stakar vindmyllur o.þ.h. Þetta getur einnig átt við um stök frístundahús, stök íbúðarhús og aðra mannvirkjagerð á landbúnaðarsvæðum án tengsla við búrekstur. Stefna um hvar eða við hvaða aðstæður framangreind mannvirkjagerð er heimil eða óheimil og aðrar skipulagsforsendur fyrir gerð deiliskipulags eða veitingu leyfa til framkvæmda“.

Undanfarin ár hefur verið ásókn í að byggja stök mannvirki sem ekki tengjast beint þeirri landnotkun sem skilgreind er á viðkomandi svæði. Þetta á t.d. við um ýmis konar atvinnustarfsemi sem styrkir þá starfsemi sem fyrir er, s.s. ferðaþjónustu eða landbúnað. Þá er ásókn í fasta búsetu í dreifbýli og byggingu stakra frístundahúsa, aðallega frá einstaklingum sem tengjast viðkomandi svæði á einn eða annan



hátt. Einnig á þetta við um fjarskiptamöstur og byggingu lítilla vindrafstöðva. Þá hefur þörf fyrir áningarstaði í tengslum við göngu- og reiðleiðir aukist með fjölgun ferðamanna.

Stakar framkvæmdir eru heimilar á landbúnaðarsvæðum án þess að afmarka sérstaka landnotkun í aðalskipulagi, eins og nánar er lýst hér á eftir. Þetta gildir t.d. fyrir stök íbúðarhús, frístundahús, fjarskiptamöstur eða litlar vindrafstöðvar. Jafnframt er heimilt að gera áningarstaði t.d. í tengslum við göngu- og reiðleiðir eða útsýnisstaði.

Á landbúnaðarsvæðum er heimilt, að undangengnu deiliskipulagi eða grenndarkynningu, þar sem það á við, að veita leyfi fyrir stökum mannvirkjum án þess að breyta þurfi aðalskipulagi. Einnig skal sækja um framkvæmdaleyfi þar sem það á við. Framkvæmdaaðili skal leggja fram til sveitarstjórnar afstöðumynd eða drög að deiliskipulagi þar sem fyrirhugaðri framkvæmd er lýst, til að hægt sé að taka afstöðu til þess hvort vinna skuli deiliskipulag eða leggja fram gögn til grenndarkynningar.

Stök mannvirki skulu reist utan verndarsvæða og landbúnaðarlands í flokki I og II. Í hverju tilfelli verður lagt mat á líkleg áhrif mannvirkja á landslag, náttúru, minjar, samfélag o.fl. Huga þarf vel að sýnileika mannvirkja og meta mögulega hljóð- og lyktarmengun. Í öllum tilfellum skal afla tilskilinna leyfa, s.s framkvæmda- eða byggingaleyfis frá sveitarstjórn. Mannvirki skulu taka mið af stefnu um umhverfi og yfirbragð byggðar (kafli 2.2) eftir því sem við á.

Eftirtaldar framkvæmdir eru heimilar á landbúnaðarsvæðum án þess að afmarka sérstaka landnotkun:

- Stök íbúðarhús á landspildum sem ekki tengjast búrekstri, m.a. til að auka möguleika á áhugabúskap. Ný hús skulu reist í nágrenni núverandi byggðar til að nýta sem best það þjónustukerfi sem fyrir er. Þó er heimilt að reisa hús á stærri landspildum/eyðijörðum í góðum tengslum við núverandi samgöngu- og veitukerfi.
- Stök frístundahús á 0,5-1 ha lóðum. Ný hús skulu reist í nágrenni núverandi byggðar til að nýta sem best það þjónustukerfi sem fyrir er. Nýtingarhlutfall lóða er að jafnaði ekki hærra en 0,03 en við sérstakar aðstæður getur það verið allt að 0,05.
- Fjarskiptamöstur allt að 20 m há ásamt nauðsynlegu aðstöðuhúsi, allt að 20 m<sup>2</sup>, lögnum og vegum að þeim. Skoðað verður í hverju tilfelli fyrir sig hvort fjarskiptamöstur verði heimiluð og verður þá m.a. tekið tillit til hljóðvistar og fjarlægðar frá landamerkjum, öðrum mannvirkjum, sýnileika og áhrifa á náttúru og landslag.
- Vatnsaflsvirkjanir allt að 200 kW ásamt stíflum, miðlunarlónum, lögnum og vegum að virkjuninni, einnig allt að 30 m<sup>2</sup> aðstöðuhúsi. Skoðað verður í hverju tilfelli fyrir sig hvort vatnsaflsvirkjun verði heimiluð og verður m.a. tekið tillit til sýnileika, áhrifa á náttúru og landslag, fjarlægð frá landamerkjum og öðrum mannvirkjum.
- Vindrafstöðvar þar sem raforkan er ætluð til eigin nota. Vindrafstöðvar geta verið allt að 20 m háar miðað við miðju hverfils. Einnig er gert ráð fyrir lögnum og vegum að þeim, ásamt allt að 20 m<sup>2</sup> aðstöðuhúsi. Skoðað verður í hverju tilfelli fyrir sig hvort vindrafstöðvar verði heimilaðar og verður þá m.a. tekið tillit til hljóðvistar og fjarlægðar frá landamerkjum, öðrum mannvirkjum, sýnileika og áhrifa á náttúru og landslag. Vindrafstöðvar eru ekki heimilar á frístundasvæðum eða á ferðamannastöðum.
- Sólarcellur til eigin nota, stærð allt að 100 m<sup>2</sup>.
- Heimilt er að virkja heitt vatn (borholur), allt að 2.500 kW.
- Heimilt er að nýta kalt vatn til einkanota þar sem ekki er um leyfisskylda starfsemi að ræða, sbr. 12. gr. reglugerðar um neysluvatn nr. 536/2001.
- Spennistöðvar og dælustöðvar fyrir veitur. Stærð bygginga getur verið allt að 20 m<sup>2</sup>.
- Þjónustuhús og kynningaraðstaða. Heimilt er að útbúa áningarstaði við vegi/slóða, göngu-, reið- og reiðhjólaleiðir og á áhugaverðum útsýnisstöðum. Á slíkum stöðum er heimilt að setja upplýsingaskilti og byggja allt að 20 m<sup>2</sup> þjónustuhús sem getur t.d. verið snyrtiaðstaða og/eða aðstaða fyrir eftirlitsaðila. Þá er heimilt að vera með áningarhólf fyrir hesta á hentugum stöðum í tengslum við reiðleiðir.

Að jafnaði skulu lóðir skilgreindar undir stök mannvirki. Lóðastærðir skulu taka mið af umfangi mannvirkis og starfsemi en að jafnaði vera undir 1,0 ha.

Stærri landspildur og eyðjarðir kunna að verða endurbyggðar án þess að staðbundin atvinna, s.s. landbúnaður sé stundaður á þeim.

Þar sem stök mannvirki eru byggð skal ganga vel frá mannvirkjum og frágangur allur og umgengni taka mið af umhverfinu. Útlit og ásýnd bygginga skal falla sem best að nánasta umhverfi (sbr. kafla 2.2). Ganga þarf vel frá lögnum, s.s. frárennsli og tryggja gott aðgengi til tæmingar rotþróa.

Fyrir umfangsmeiri starfsemi skal skilgreina sérstaka landnotkun í aðalskipulagi.

### Niðurstaða umhverfismats áætlana

Líkleg áhrif af stökum framkvæmdum voru metin í umhverfisskýrslu aðalskipulagsins skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Niðurstaða þess mats er eftirfarandi: Sveitarstjórn telur nauðsynlegt að koma til móts við óskir þeirra sem vilja setjast að í dreifbýli án þess að stunda hefðbundinn búskap. Því er heimilt að byggja á litlum landspildum í dreifbýli og þar er möguleiki á skógrækt eða búfjárhaldi í smáum stíl. Lögð er áhersla á að slík byggð sé í góðum tengslum við núverandi samgöngur og veitur og skerði sem minnst gott lanbúnaðarland (flokk I og II).

Heimilaðar eru ýmsar minni framkvæmdir til að styrkja byggð, núverandi rekstur eða vegna öryggismála og vill sveitarstjórn veita ákveðið svigrúm til þess, án þess að afmarka sérstaklega viðkomandi landnýtingarflokk í aðalskipulagi. Snýr þetta m.a. að fjarskiptum, litlum vindrafstöðvum, vatnsaflsvirkjunum, hitaveitu, vatnsveitu, lögnum og þjónustuhúsum, sem m.a. geta nýst fyrir kynningarstarfsemi, salerni og/eða til eftirlits. Virkjanir og vatnsveitur eru m.a. settar upp til að styrkja búrekstur eða annan rekstur s.s. þjónustustarfsemi til að ekki þurfi að nýta eldsneytisknúnar rafstöðvar eða langa lagnaleið. Gott fjarskiptasamband er nauðsynlegt í öryggisskyni en nýtist einnig vel til afþreyingar og í rekstri.

Gert er ráð fyrir að framkvæmdaaðili leggi fram skipulag fyrirhugaðra framkvæmda sem hægt er að auglýsa sem deiliskipulag eða grenndarkynna áður en framkvæmir hefjast svo hagsmunaaðilar geti komið með ábendingar eða athugasemdir. Sækja þarf um framkvæmdaleyfi þar sem það á við.

Þá er sömuleiðis gert ráð fyrir að í hverju tilfelli verði lagt mat á líkleg áhrif mannvirkja á landslag, verndarsvæði, náttúru, minjar og samfélag. Jafnframt þarf að huga vel að sýnileika mannvirkja og meta mögulega hljóð- og lyktarmengun.

#### 2.4.10 Efnistöku- og efnislosunarsvæði

Í grein 6.2. í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, eru efnistöku- og efnislosunarsvæði skilgreind sem „svæði þar sem ráðgert er að taka, vinna eða losa jarðefni. Efnistökusvæði eru svæði á landi, í sjó, ám eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er efnistaka eða efnisvinnsla, svo sem malarnám, sandnám, grjótnám, gjallnám eða vikurnám. Efnislosunarsvæði eru svæði á landi, í sjó, ám eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er landfylling eða losun jarðefna, sem eru hrein og ómengduð, svo sem jarðefni sem til falla vegna byggingarframkvæmda“.

#### Markmið:

- Lögð er áhersla á nægt framboð fjölbreyttra efnistökusvæða.
- Almennt er gert ráð fyrir fáum en tiltölulega stórum efnistökusvæðum.
- Efnistaka fari ekki fram á svæðum sem hafa sérstakt verndargildi, s.s. friðlýstum svæðum, svæðum á náttúruinjasrá og hverfisverndarsvæðum.
- Öll efnistaka er framkvæmdaleyfisskyld skv. lögum.
- Áhersla er á góða umgengni á nýtingartíma og vandaðan frágang í verklok.

#### Leiðir:

- Þær námur sem eru skilgreindar í aðalskipulaginu eru til mismunandi nota og uppfylla fyrirhugaðar þarfir á skipulagstímanum.
- Við veitingu framkvæmdaleyfis verði sett skilyrði um skipulega nýtingu, góða umgengni og frágang að vinnslu lokinni.



- *Vanda skal frágang efnistökusvæða og aðlaga þau að nærliggjandi umhverfi.*

Heimil er minniháttar efnistaka til eigin nota nema um sé að ræða náttúruverndarsvæði, jarðminjar eða vistkerfi sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Gerð er grein fyrir þeim svæðum þar sem efnistaka fer fram eða er fyrirhuguð. Þetta á bæði við um malarnám, sandnám hraunnám og grjótnám. Áfram er gert ráð fyrir efnistöku á þeim svæðum sem þegar eru nýtt en einnig á nokkrum nýjum svæðum. Gert er ráð fyrir riflegum svæðum fyrir efnistöku til þess að hægt sé að nýta þá tegund efnis sem best hentar hverju sinni og til að draga úr því að aka þurfi langar leiðir með efni. Vegir í sveitarfélaginu eru almennt lélegir og vill sveitarstjórn stuðla að uppbyggingu þeirra með því að gera ráð fyrir riflegum efnistökusvæðum. Þá er efni einnig flutt í nágrannasveitarfélög, t.d. úr námu í Merkurhrauni.

Engin efnislosunarsvæði eru í sveitarfélaginu.

Samkvæmt 5. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 er efnistaka á landi, úr ám og vötnum ásamt breytingu lands með jarðvegi, s.s. efnislosun, háð framkvæmdaleyfi. Þegar sótt er um framkvæmdaleyfi skal skv. 7. gr. laganna gera grein fyrir stærð og afmörkun efnistökusvæðis, áætluðu efnismagni, dýpt námu, vinnslutíma og frágangi efnistökuáðar að vinnslutíma loknum. Sækja þarf um framkvæmdaleyfi til sveitarstjórnar vegna efnistöku. Efnistaka skal vera í samræmi við aðalskipulag.

Í lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, sjá nánar í reglugerð um mat á umhverfisáhrifum nr. 660/2015, viðauka 1, kafla 2 er kveðið á um matsskyldu framkvæmda, m.a. námuiðnað. Öll efnistöku- og efnislosunarsvæði eru tilkynningaskyld, sjá nánar í reglugerð um mat á umhverfisáhrifum nr. 660/2015.

Landeigendum er heimil efnistaka til eigin nota. Sé fyrirhuguð efnistaka úr ám eða vötnum þarf alltaf samþykki Fiskistofu.

Ávallt skal meta umhverfisáhrif eftirfarandi framkvæmda:

- Svæði þar sem efnistaka eða efnislosun raskar 50.000 m<sup>2</sup> eða stærra svæði eða er 150.000 m<sup>3</sup> eða meiri.

Eftirfarandi efnistöku/efnislosun skal tilkynna til Skipulagsstofnunar sem tekur ákvörðun um matsskyldu:

- Efnistaka/ efnislosun á verndarsvæðum.
- Þar sem áætluð efnistaka raskar 25.000 m<sup>2</sup> svæði eða stærra, eða er 50.000 m<sup>3</sup> eða meiri.
- Efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökuáður sömu framkvæmdar ná til samans yfir 25.000 m<sup>2</sup> svæði eða stærra.

Eftirfarandi efnistöku/efnislosun skal tilkynna til sveitarstjórnar sem tekur ákvörðun um matsskyldu:

- Öll önnur efnistaka, þ.e. efnistaka/efnislosun undir 50.000 m<sup>3</sup> eða er undir 25.000 m<sup>2</sup> svæði.

Leyfi Fiskistofu þarf að liggja fyrir varðandi efnistöku sem getur haft áhrif á lífríki veiðivatna, sbr. 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði en þar segir: „*Sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á fiskigegnd þess, afkomu fiskistofna, aðstæður til veiði eða lífríki vatnsins að öðru leyti, er háð leyfi*“. Heilbrigðisnefndir veita starfleyfi fyrir vinnslu jarðefna, sbr. reglugerð nr. 785/1999, m.s.br. um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

**Eftirfarandi reglur gilda um efnistöku í Flóahreppi:**

- Þegar efnistökusvæði er valið þarf að líta á jarðefni sem auðlind og nýta efni til þess sem það er best til fallið.
- Að efnistakan sé ekki á landi sem hefur hátt verndargildi. Forðast skal að raska jarðmyndunum og vistkerfum sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013, nema brýna nauðsyn beri til. Einnig skal leitast við að haga mannvirkjum og framkvæmdum við ár og stöðuvötn þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins skv. 62. gr. laganna.
- Einnig skal taka tillit til þekktra fornminja. Efnistaka fari ekki nær friðlýstum fornminjum og öðrum merkjum minjum en 100 m og ekki nær öðrum minjum en 20 m.

- Að landslagsheildin þoli efnistöku án þess að heildarsvipmót hennar raskist.
- Að kleift sé að ganga ásættanlega frá efnistökusvæði þegar efnistöku lýkur.
- Að efnistökusvæði sé lítt sýnilegt frá fjölförnum stöðum, sérstaklega ef efnistökusvæðið verður opið í einhvern tíma.
- Að vegalengd frá efnistökusvæði að framkvæmdastað sé innan hóflegra marka.
- Áætlanir um efnistöku skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir og taka mið af þeim verndar-ákvæðum sem þar eru sett fram, s.s vegna hverfisverndar, svæða á náttúruminjasrá, friðlýstra svæða og friðlýstra fornminja.
- Gerð er krafa um góða umgengni, skipulögð vinnubrögð og snyrtilegan frágang að lokinni vinnslu.
- Að efnistaka úr ám og sjó valdi ekki hættu á landbroti, hvorki úr árbökkum né strandlengju.
- Minniháttar efnistaka til eigin nota er heimil.
- Með umsókn um framkvæmdaleyfi skal leggja fram verkáætlun og tímasetta nýtingaráætlun ásamt afstöðumynd og áætlun um frágang að vinnslu lokinni.
- Innan tveggja ára frá gildistöku skipulagsins skulu allar námur sem eru nýttar vera með framkvæmdaleyfi. Allar nýjar námur skulu hafa framkvæmdaleyfi áður en efnistaka hefst.
- Við frágang efnistökusvæða verði leitast við að raskað svæði verði sem líkast aðliggjandi landi varðandi landslag og gróðurfar.

Í töflu hér á eftir er yfirlit yfir námur á skipulagssvæðinu. Námurnar eru flestar í vinnslu og nýttar til vegagerðar eða í tengslum við byggingarframkvæmdir. Flestar námur eru minni en 2,5 ha og áætlað efnismagn er minna en 50 þús. m<sup>3</sup>.

Sett er inn náma í Merkurhrauni en þar hefur verið tekið efni um árabil. Náman er innan vatnsverndarsvæðis 3. ISOR hefur gert úttekt á vatnsverndarsvæði í Merkurhrauni<sup>3</sup>. Niðurstaðan var að efnisnáma í Merkurhrauni, sem er um 1200 m austan framtíðarvatnsból, þarf ekki að ógna vatnsbolinu ef farið er að gát við vinnsluna og ekki séu geymd mengandi efni í námunni. Í umhverfismati námunnar verði skoðað nána hvort og þá til hvaða ráðstafana þurfi að grípa til að draga úr neikvæðum áhrifum á umhverfi og koma í veg fyrir mengun grunnvatns.

Eftirfarandi yfirlit yfir efnistökusvæði er sett fram með fyrirvara um framkvæmdaleyfi, sem í fæstum tilvikum liggur fyrir.

Efnistökusvæði			
Nr.	Heiti svæðis	Lýsing	Jörð
E1	Oddgeirshólar	Malarnáma, stærð allt að 25.000 m <sup>2</sup> og efnismagn allt að 50.000 m <sup>3</sup> .	Oddgeirshólar
E2	Hraungerði	Malarnáma, stærð allt að 25.000 m <sup>2</sup> og efnismagn allt að 50.000 m <sup>3</sup> .	Hraungerði
E3	Hraungerði	Malarnáma, stærð allt að 25.000 m <sup>2</sup> og efnismagn allt að 50.000 m <sup>3</sup> .	Hraungerði
E4	Ölvisholt	Malarnáma, stærð allt að 25.000 m <sup>2</sup> og efnismagn allt að 50.000 m <sup>3</sup> .	Ölvisholt
E5	Miklaholts-hellir	Malarnáma, stærð allt að 25.000 m <sup>2</sup> og efnismagn allt að 50.000 m <sup>3</sup> .	Miklaholts-hellir
E6	Merkurhraun	Hraunnáma. Áætluð efnistaka er allt að 150.000 m <sup>3</sup> . Náman er innan fjarsvæðis vegna vatnsverndar. Ekki er heimilt að geyma olíur eða önnur mengandi efni í námunni. Við gerð deiliskipulags skal áfangaskipta efnistöku úr námunni og ganga jafn óðum frá þeim hluta námunnar þar sem vinnslu er lokið. Stærð allt að 25 ha. Náman er háð mati á umhverfisáhrifum skv. lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Mat á umhverfisáhrifum skal fara fram á fyrri hluta skipulagstímans.	Hjálmholt

<sup>3</sup> (Árni Hjartarson, 2016).

	Við mat á umhverfisáhrifum námunnar og gerð deiliskipulags verði m.a. hugað að því hvort og þá hvaða takmarkanir þurfi að gilda um framkvæmdir og umgengni í námunni vegna vatnsverndar.		
<b>E7</b>	<b>Urriðafoss</b>	Setnáma, stærð allt að 25.000 m <sup>2</sup> og efnismagn allt að 50.000 m <sup>3</sup>	Urriðafoss
<b>E8</b>	<b>Egilsstaðir 1</b>	Setnáma stærð allt að 25.000 m <sup>2</sup> og efnismagn allt að 50.000 m <sup>3</sup> .	Egilsstaðir 1
<b>E9</b>	<b>Egilsstaða-sandur</b>	Sandnáma, stærð allt að 25.000 m <sup>2</sup> og efnismagn allt að 50.000 m <sup>3</sup>	Egilsstaðir og Egilsstaðakot
<b>E10</b>	<b>Vatnsendi</b>	Vikur setnáma, stærð allt að 25.000 m <sup>2</sup> og efnismagn allt að 50.000 m <sup>3</sup> .	Vatnsendi
<b>E11</b>	<b>Dalsmynni og Breiðholt</b>	Setnáma í malarhjalla, stærð allt að 25.000 m <sup>2</sup> og efnismagn allt að 50.000 m <sup>3</sup> . Náman er innan fjarsvæðis vatnsverndar. Ekki er heimilt að geyma olíur eða önnur mengandi efni í námunni.	Dalsmynni og Breiðholt
<b>E12</b>	<b>Önundarholt</b>	Setnáma í malarhjalla, stærð allt að 25.000 m <sup>2</sup> og efnismagn allt að 50.000 m <sup>3</sup> .	Önundarholt
<b>E13</b>	<b>Súluholt A</b>	Setnáma í malarhjalla stærð allt að 25.000 m <sup>2</sup> og efnismagn allt að 50.000 m <sup>3</sup> .	Súluholt
<b>E14</b>	<b>Súluholt B</b>	Setnáma í malarhjalla stærð allt að 25.000 m <sup>2</sup> og efnismagn allt að 50.000 m <sup>3</sup> .	Súluholt
<b>E15</b>	<b>Kolsholt</b>	Setnáma í sjávarkambi, stærð allt að 25.000 m <sup>2</sup> og efnismagn allt að 50.000 m <sup>3</sup> .	Kolsholt 1 og 2
<b>E16</b>	<b>Mjósýndi B</b>	Setnáma, stærð allt að 25.000 m <sup>2</sup> og efnismagn allt að 50.000 m <sup>3</sup> .	Mjósýndi
<b>E17</b>	<b>Mjósýndi A</b>	Setnáma, stærð allt að 25.000 m <sup>2</sup> og efnismagn allt að 50.000 m <sup>3</sup> .	Mjósýndi
<b>E18</b>	<b>Ferjunes</b>	Setnáma í áreyri, stærð allt að 25.000 m <sup>2</sup> og efnismagn allt að 50.000 m <sup>3</sup> .	Ferjunes
<b>E19</b>	<b>Selpartur</b>	Malarnáma, stærð allt að 25.000 m <sup>2</sup> og efnismagn allt að 50.000 m <sup>3</sup> .	Selpartur
<b>E20</b>	<b>Selpartur</b>	Malarnáma, stærð allt að 25.000 m <sup>2</sup> og efnismagn allt að 50.000 m <sup>3</sup> .	Selpartur
<b>E21</b>	<b>Ragnheiðarstaðir</b>	Sandnáma, stærð allt að 25.000 m <sup>2</sup> og efnismagn allt að 50.000 m <sup>3</sup> .	Ragnheiðarstaðir
<b>E22</b>	<b>Lækjarbakki</b>	Sandnáma, stærð allt að 25.000 m <sup>2</sup> og efnismagn allt að 50.000 m <sup>3</sup> .	Lækjarbakki
<b>E23</b>	<b>Loftsstaðir</b>	Sandnáma, stærð allt að 25.000 m <sup>2</sup> og efnismagn allt að 50.000 m <sup>3</sup> .	Loftsstaðir

### Niðurstaða umhverfismats áætlana

Í umhverfisskýrslu aðalskipulagsins voru metin líkleg umhverfisáhrif af efnistökusvæði í Merkurhrauni, skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Niðurstaða þess mats er að það dregur úr akstri ef námur eru nálægt notkunarstað efnis, stytta verktíma og framkvæmdir eru ódýrari. Náman er nú þegar nýtt til efnistöku og því einungis verið að staðfesta núverandi landnotkun. Náman er innan fjarsvæðis vegna vatnsverndar og því eru sett ákveðin skilyrði varðandi nýtingu hennar til að koma í veg fyrir mengun grunnvatns. Gert er ráð fyrir að við mat á umhverfisáhrifum námunnar og gerð deiliskipulags verði m.a. hugað að því hvort og þá hvaða takmarkanir þurfi að gilda um framkvæmdir og umgengni í námunni vegna vatnsverndar.

Neikvæð umhverfisáhrif eru helst þau að grónu nútímahrauni hefur verið raskað og einhver hættu er á jarðvegsfoki á framkvæmdatíma. Náman hefur haft áhrif á landslag og sjónræn áhrif. Því leggur sveitarstjórn áherslu á að efnistöku verði áfangaskipt og jafn óðum verði gengið frá þeim hluta námunnar þar sem efnistöku er lokið og svæðið aðlagð að landi umhverfis.

Í umhverfismati námunnar verði skoðað nánar hvort og þá til hvaða ráðstafana þurfi að grípa til að draga úr neikvæðum áhrifum á umhverfi og koma í veg fyrir mengun grunnvatns.

## 2.5 ÓBYGGÐ SVÆÐI EÐA SVÆÐI MEÐ TAKMÖRKUNUM

Fjallað er um óbyggð svæði (kafla 2.5.1), opin svæði (kafla 2.5.2), strandsvæði (kafla 2.5.3) og varúðarsvæði (kafla 2.5.5).

### 2.5.1 Óbyggð svæði

Í grein 6.2. í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, eru óbyggð svæði skilgreind sem „svæði þar sem ekki er gert ráð fyrir búsetu né atvinnustarfsemi, svo sem hálendi, heiðar og afréttir, að mestu án mannvirkja annarra en þeirra sem þjóna útivist, afréttarnotum, öryggismálum og fjarskiptum“.

Flestar eyjar í Þjórsá og Hvítá flokkast sem óbyggð svæði.

### 2.5.2 Opin svæði

Í grein 6.2. í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, eru opin svæði skilgreind sem „svæði fyrir útivist, aðallega í tengslum við þéttbýli, með aðstöðu sem almennri útivist tilheyrir, svo sem stígum og áningarstöðum, auk þjónustu sem veitt er á forsendum útivistar“.

**Markmið:**

- Lögð er áhersla á að efla möguleika á sviði útivistar.

*Leiðir:*

- Auðvelað verði aðgengi að opnum svæðum með góðu skipulagi, leiðbeiningum og aðgengilegum gönguleiðum.

Eitt opið svæði er í Flóahreppi.

Opin svæði			
Nr.	Heiti svæðis	Lýsing	Jörð
OP1	Einbúi	Skógræktarreitir sem hefur verið nýttur til almennrar útivistar. Stærð svæðis er um 5 ha.	Austurkot

### 2.5.3 Strandsvæði

Í grein 6.2 í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, eru strandsvæði skilgreind sem „Svæði innan netlaga og meðfram sjó, ám eða vötnum þar sem aðgengi almennings er tryggt og mannvirkjagerð er haldið í lágmarki“.

**Markmið:**

- Stuðlað skal að viðhaldi vistkerfa og sjálfbærri nýtingu auðlinda.
- Aðgengi að strandsvæðum verði bætt.

*Leiðir:*

- Mannvirkjagerð skal haldið í lágmarki.
- Æskilegt er að gera fjöruna aðgengilega til útivistar s.s. með bílastæðum og göngustígum.

Strandlengjan í Flóahreppi er skilgreind sem strandsvæði ásamt svæði við árósa Þjórsár, þetta svæði er einnig undir hverfisvernd (kafla 2.8.2). Um er að ræða lítt gróin sandsvæði sem eru tilvalin til útivistar. Mikið fuglalíf er í fjörunni auk sela. Þá er þar fjölbreyttur fjörugróður.

Á strandsvæðum er heimilt að gera bílastæði, leggja göngustíga og útbúa aðra aðstöðu til útivistar s.s. áningarstaði og upplýsingaskilti. Strandsvæði eru eftirtalin:

Strandsvæði			
Nr.	Heiti svæðis	Lýsing	Jörð
ST1	Sýrlækjarbót	Stærð svæðis er um 140 ha.	Syðri-Sýrlækur, Ferjunes
ST2	Strandlengjan	Strandlengjan frá Baugsstöðum að Þjórsá. Stærð svæðis er um 385 ha.	Nokkrar jarðir

### 2.5.4 Kirkjugarðar og grafreitir

Í grein 6.2 í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, eru kirkjugarðar og grafreitir skilgreind sem „svæði fyrir kirkjugarða og grafreiti“.

Kirkjugarðar eru flokkaðir með kirkjum undir landnotkunarflokknum samfélagsþjónusta (kafla 2.4.5), enda eru kirkjugarðar í sveitarfélaginu við kirkjurnar.

### 2.5.5 Varúðarsvæði eða aðrar takmarkanir

Í grein 6.3 í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, er varúðarsvæði skilgreint sem „svæði þar sem heilsu eða öryggi kann að vera ógnað, svo sem vegna hávaða, mengunar, hættulegra efna og annarra takmarkana sem setja þarf í varúðarskyni. Svæði í biðflokki samkvæmt verndar- og orkunýtingaráætlun“.

Í Rammaáætlun (2. áfanga) er fjallað um einn virkjanakost í Flóahreppi, er það Urriðafossvirkjun sem er í biðflokki skv. flokkun virkjanakosta í þingsályktunartillögu um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða. Í 3. áfanga verndar- og orkunýtingaráætlunar er Urriðafossvirkjun í orkunýtingarflokki. Sveitarstjórn hvetur til þess að við afgreiðslu Alþingis á áætluninni verði virkjunarkostur við Urriðafoss færður í verndarflokk meðan ekki liggja fyrir óbyggjandi rök fyrir því að náttúra og lífríki svæðisins njóti ásættanlegrar verndar við það rask sem virkjun hefði í för með sér.

Svæði í biðflokki í þingsályktunartillögu um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða		
Nr.	Heiti	Lýsing
VA1	Urriðafossvirkjun	Með Urriðafossvirkjun er nýtt um 40 m fallhæð í neðanverðri Þórsá. Gert er ráð fyrir stíflu í 50 m y.s. nokkru ofan Þjórsárbrúar og um 9 km <sup>2</sup> inntakslóni, Heiðarlóni, sem er að stórum hluta í núverandi farvegi árinna. Stöðvarhús verður á Heiðartanga í landi Þjórsártúns í Ásahreppi. Stíflumannvirki eru að mestu í Flóahreppi og Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Svæðið nær yfir fyrirhugað lón og iðnaðarsvæði. Uppsett afl virkjunar er áætlað allt að 125 MW og orkuvinnslugeta allt að 930 GWst/ári.

## 2.6 SAMGÖNGUR

Til samgangna teljast öll helstu samgöngumannvirki s.s. vegir, brýr, göngu-, reið- og reiðhjólaleiðir, flugvellir og flugbrautir. Samkvæmt 6. gr. vegalaga nr. 80/2007 m.s.br. skiptist vegakerfi landsins í þjóðvegi, sveitarfélagsvegi, almenna stíga og einkavegi. Þjóðvegir og sveitarfélagsvegir skulu mynda eðlilegt, samfellt vegakerfi til tengingar byggða landsins<sup>4</sup>.

Samkvæmt 10. gr. vegalaga nr. 80/2007 þá teljast almennir stígar vera reiðstígar, göngu- og hjólreiðastígar sem ætlaðir eru almenningi til frjálsrar umferðar og haldið er við af fé ríkis eða sveitarfélaga<sup>5</sup>.

### Markmið:

- Leitað verði hagkvæmra lausna í samgöngum og stuðlað að betra umferðar- og rekstraröryggi, samtengingu byggðar innan héraðs og við nágrannasveitarfélög, m.a. vegna skólaaksturs, atvinnusóknar og ferðaþjónustu.
- Lögð er áhersla á að stuðla að endurbótum meginleiða í byggð og að þær verði byggðar upp með bundnu slitlagi.
- Nýjar vegtengingar við þjóðveg verði lágmarkaðar og leitast við að samnýta sem mest núverandi tengingar.
- Bættar samgöngur verði við nágrannabyggðarlög til að stækka atvinnusvæði og til að efla möguleika á sviði ferðaþjónustu.
- Almenningsamgöngur verði eflar.
- Stuðlað verði að fjölbreyttum göngu-, reið- og reiðhjólaleiðum og að þeim sé vel við haldið.
- Við uppbyggingu og endurbætur á vegum verði gert ráð fyrir breiðri vegöxl fyrir reiðhjólumferð.

Leiðir:

<sup>4</sup> (Alþingi Íslands, 2007).

<sup>5</sup> (Alþingi Íslands, 2007).

- Öryggi vegfarenda á þjóðvegum verði bætt. Sérstök áhersla verði lögð á öruggari vegtengingar við Suðurlandsveg.
- Stuðlað verði að bættum samgöngum við nágrannabyggðalög til að stækka atvinnusvæði og til að bæta möguleika á sviði ferðaþjónustu.
- Stuðlað verði að betri almenningsamgöngum á Suðurlandi í samstarfi við nágrannasveitarfélög.

Skipting vegakerfisins í aðalskipulaginu er samkvæmt flokkunarkerfi Vegagerðarinnar í stofnvegi, tengivegi og héraðsvegi. Eru þeir taldir upp í töflum hér aftar í samræmi við vegaskrá<sup>6</sup>. Héraðsvegir eru sýndir á aðalskipulagsupprætti og þeir helstu taldir upp.

Skipulagsáætlunin er í samræmi við núverandi vegakerfi Vegagerðarinnar sem og samgönguáætlun, sem gerð hefur verið til 2022 og þingsályktunartillögu fyrir árin 2011-2022. Í þingsályktunartillögunni er gert ráð fyrir brú á Ölfusá norðaustan við Selfoss á árunum 2019-2022<sup>7</sup>. Það er vilji sveitarstjórnar að meginleiðir í byggð verði byggðar upp og lagðar bundnu slitlagi og teknar af þeim krappar beygjur þar sem þess gerist þörf. Þá er tenging Urriðafossvegar við Villingaholtsveg færð sunnar þar sem er betra vegstæði og vegtenging öruggari.

Í 32. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013, segir að sveitarfélög skuli í aðalskipulagi gera skrá yfir vegi þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil og hlýtur hún samþykkt samhliða afgreiðslu aðalskipulags eða breytinga á aðalskipulagi. Við mat á því hvort tilteknir vegir skuli tilgreindir í vegaskrá skal sérstaklega líta til þess hvort akstur á þeim sé líklegur til að raska viðkvæmum gróðri, valda jarðvegsrofi, hafa neikvæð áhrif á landslag og ásýnd lands eða hafa að öðru leyti í för með sér náttúruspjöll. Einnig má líta til þess hvort um greinilegan og varanlegan veg sé að ræða, hvort löng hefð sé fyrir akstri á honum og hvort umferð á tilteknum vegi skuli takmarka við ákveðnar gerðir ökutækja, viss tímabil, náttúrufarslegar aðstæður eða við akstur vegna ákveðinna starfa. Ekki hefur verið unnin slík flokkun fyrir vegi í Flóahreppi, enda flókið og tímafrekt verkefni sem þarf að vinnast í samráði við landeigendur, stofnanir og félagasamtök.

Í „Vegvísi í ferðaþjónustu“ kemur fram að bæta þurfi uppbyggingu og viðhald heilsársvega, æskilegt sé að skilgreina ferðamannleiðir og að góðar og öruggar samgöngur séu forsenda þess að ferðamenn dreifist sem víðast um landið<sup>8</sup>.

### Niðurstaða umhverfismats áætlana

Ferðaþjónusta í dreifbýli er vaxandi atvinnugrein víðast hvar á landinu og umferð er orðin talsvert meiri á vegum en áður var. Sveitarstjórn er hlynnt gerð nýrrar brúar á Ölfusá og að skoðað verði hvort ástæða sé til að Suðurlandsvegur verði 2+1 vegur í gegnum sveitarfélagið til að bæta umferðaröryggi. Breyting Suðurlandsvegar í þriggja akgreina veg með skiptisvæðum leiðir af sér að tengingar hliðarvega verða einungis á skiptisvæðunum. Því gætu heimreiðar og tengivegir færst til sem þýðir að leiðir geta lengst og meira land fer undir vegakerfið. Á móti kemur að öryggi í umferðinni á hringveginum batnar með skiptingu akreina. Þá leggur sveitarstjórn áherslu á uppbyggingu og viðhald helstu vega um Flóahrepp til hagsbóta fyrir íbúana.

Lagning EuroVelo reiðhjólaleiðarinnar í gegnum sveitarfélagið og nýjar gönguleiðir um svæðið bjóða upp á margvíslega möguleika í ferðaþjónustu og einnig almennt til útivistar þar sem nýjar leiðir munu nýtast íbúum jafnt sem gestum.

#### 2.6.1 Vegir

*Vegakerfi í byggð skiptist í stofnvegi, tengivegi og héraðsvegi.*

Vegasamgöngur á landi og tengingar við nágrannabyggðalög eru nokkuð góð í sveitarfélaginu. Suðurlandsvegur sem liggur í gegnum sveitarfélagið er skilgreindur sem stofnvegur, sem og Skeiða- og Hrunamannavegur og Gaulverjabæjarvegur.

<sup>6</sup> (Vegagerðin, 2014).

<sup>7</sup> (Alþingi Íslands, 2011).

<sup>8</sup> (Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið & Samtök ferðaþjónustunnar, 2015).




Um reiðleiðir er fjallað í kafla 2.6.2, helstu gönguleiðir í kafla 2.6.3 og reiðhjólaleiðir í kafla 2.6.4.


## STOFNVEGIR

*Samkvæmt 8. gr. vegalaga nr. 80/2007 þá teljast stofnvegir vera vegir sem tengja saman byggðir landsins. Við það vegakerfi sem þannig fæst skal tengja þéttbýlisstaði með u.þ.b. 100 íbúa eða fleiri<sup>9</sup>.*

Suðurlandsvegur liggur í gegnum Flóahrepp. Vegagerðin ráðgerir að í framtíðinni verði Suðurlandsvegur þriggja akreina vegur (2+1). Við þessa breytingu verða til svokölluð skiptisvæði þar sem akstursstefnu er breytt. Tengingar hliðarvega við Suðurlandsveg verða einungis leyfðar á skiptisvæðum. Þetta þýðir að breyta þarf legu nokkurra hliðarvega í Flóahreppi til að þeir tengist Suðurlandsvegi á skiptisvæðum. Eftir er að útfæra breytta legu hliðarvega og verður það gert í samvinnu sveitarstjórnar, landeigenda og Vegagerðarinnar. Mikilvægt er að við þessa framkvæmd verði tryggð eðlileg not og aðgengi að jörðum sem eru beggja vegna Suðurlandsvegar og nýrra hliðarvega. Áætluð skiptisvæði eru sýnd á Mynd 7.



Mynd 7. Áætluð skiptisvæði á þriggja akreina Suðurlandsvegi. Heimild: Vegagerðin.



Mynd 8. Gert er ráð fyrir nýrri brú yfir Ölfusá og mismögum gatnamótum austan við Selfoss. Heimild: Vegagerðin.

Stofnvegir í Flóahreppi eru eftirtaldir:

Stofnvegir		
Vegnr.	Heiti vegar	Lýsing
1	Suðurlandsvegur	Liggur í gegnum sveitarfélagið frá Þjorsárbrú að austan og að Selfossi í vestri. Gert er ráð fyrir nýrri brú yfir Ölfusá norðaustan Selfoss og tilheyrandi breytingum á veginum austan Selfoss. Gert er ráð fyrir að Suðurlandsvegur verði 2+1 vegur.

<sup>9</sup> (Alþingi Íslands, 2007).

<b>30</b>	Skeiða- og Hrunamanna-vegur	Liggur milli Suðurlandsvegjar við Skeiðavegamót og sveitarfélagamarka við Skeiða- og Gnúpverjahrepp.
<b>33</b>	Gaulverjabæjarvegur	Liggur um vestanvert sveitarfélagið, frá hringtorgi austan Selfoss og að sveitarfélagamörkum við bæinn Baugstaði.

## TENGIVEGIR

Samkvæmt 8. gr. vegalaga nr. 80/2007 þá eru tengivegir vegir utan þéttbýlis sem liggja af stofnvegi á stofnveg eða af stofnvegi á tengiveg og eru a.m.k. 2 km langir, vegir sem tengja landsvegi við stofnvegi, vegir sem ná til þéttbýlisstaða með færri en 100 íbúa og tengja þá við stofnvegakerfið, vegir að helstu flugvöllum og höfnum og vegir að fjölsóttum ferðamannastöðum utan þéttbýlis<sup>10</sup>.

Tengivegir eru taldir upp í eftirfarandi töflu.

Tengivegir		
Vegnr.	Heiti vegar	Lýsing
<b>302</b>	Urriðafoss-vegur	Liggur af Suðurlandsvegi vestan Þjórsár, um Urriðafoss á Villingaholtsveg nálægt bænum Villingaholti. Gert er ráð fyrir að vegurinn flytjist vestur fyrir Urriðafossbæina. Gert er ráð fyrir að vegurinn verði byggður upp og teknar af honum krappar beygjur. Tenging vegarins við Villingaholtsveg verður færð nokkuð sunnar þar sem sýn til beggja átta er betri.
<b>305</b>	Villingaholts-vegur	Liggur af Suðurlandsvegi í Flóa um Villingaholt, suður með Þjórsá um Fljótshóla, á Gaulverjabæjarveg norðan Loftstaða. Gert er ráð fyrir að vegurinn verði byggður upp og teknar af honum krappar beygjur, s.s. við Ferjunes.
<b>308</b>	Hamarsvegur	Liggur af Gaulverjabæjarvegi hjá Gaulverjabæ, um Hamar og Skógsnes á Villingaholtsveg hjá Villingaholti. Gert er ráð fyrir að vegurinn verði byggður upp og teknar af honum krappar beygjur.
<b>311</b>	Önundarholts-vegur	Liggur af Gaulverjabæjarvegi norðan Meðalholts, um Súluholt, á Villingaholtsveg norðan Önundarholts.
<b>312</b>	Vorsabæjar-vegur	Liggur milli Gaulverjabæjarvegjar og Hamarsvegjar. Skoða þarf hvort hægt sé að færa veginn af bæjarhlaðinu í Vorsabæ.
<b>314</b>	Holtsvegur	Liggur milli Gaulverjabæjarvegjar og sveitarfélagamarka við Árborg.

## HÉRAÐSVEGIR

Samkvæmt 8. gr. vegalaga nr. 80/2007 m.s.br. þá eru héraðsvegir „vegir sem liggja að býlum, starfrækslu atvinnufyrirtækja, kirkjustöðum, opinberum skólum og öðrum opinberum stofnunum utan þéttbýlis, eru ákveðnir í staðfestu skipulagi og taldir upp í vegaskrá. Landeigandi skal þó kosta og vera veghaldari síðustu 50 m að framangreindum stöðum ef vegur endar þar“<sup>11</sup>.

Héraðsvegir eru sýndir á skipulagsupprætti og þeir helstu taldir upp í eftirfarandi töflu.

Héraðsvegir		
Vegnr.	Heiti vegar	Lýsing
<b>303</b>	Ölvisholtsvegur	Liggur frá Suðurlandsvegi að Brúnastöðum.
<b>304</b>	Oddgeirshólavegur	Liggur frá Suðurlandsvegi hjá Hraungerði að Oddgeirshólum.
<b>309</b>	Kolsholtsvegur	Liggur frá Villingaholtsvegi að Kolsholtshelli.
<b>318</b>	Langholtsvegur	Liggur frá Suðurlandsvegi að Langholti.

<sup>10</sup> (Alþingi Íslands, 2007).

<sup>11</sup> (Alþingi Íslands, 2007).



## AÐRIR VEGIR OG SLÓÐAR

Aðrir vegir liggja t.d. að frístundasvæðum. Aðrir vegir og slóðar eru sýndir á skipulagsupprætti til skýringar.

### 2.6.2 Reiðleiðir

Helstu reiðleiðir eru sýndar á skipulagsupprætti. Reiðvegur liggur með Hringveginum en einnig fylgja þær gjarnan vegslóðum, smalaleiðum eða gömlum þjóðleiðum. Þessar leiðir eru mikið notaðar og eru mikilvægar fyrir viðgang og vöxt ferðaþjónustu í sveitarfélaginu. Unnið verður að því að aðskilja reiðstíga frá akandi umferð, eftir því sem unnt er. Þar sem reiðstígar liggja um einkalönd, fjarri þjóðvegum, er umferð jafnan háð leyfi landeigenda.

#### Markmið:

- Meginreiðleiðir séu greiðfærar stærstan hluta ársins og malarbornar þar sem þess gerist þörf.
- Umferð hestamanna valdi ekki spjöllum á gróðurlendi og sögu- og náttúruminum.

#### Leiðir:

- Haldið verði áfram uppbyggingu reiðstígakerfis í samvinnu við hestamannafélög, landeigendur, Vegagerðina og aðra hagsmunaaðila.
- Reiðleiðir verði færðar frá þjóðvegum eins og unnt er til að bæta öryggi hestamanna og bílaumferðar.
- Unnin verði framkvæmdaáætlun fyrir reiðvegagerð sem felur í sér forgangsröðun verkefna.

Þar sem reiðleiðir liggja um einkalönd er hrossarekstur háður leyfi landeigenda til að laus hross trúfli ekki búpening, né valdi skemmdum á gróðri.

Auk meginreiðstíga eru ýmsar aðrar reiðleiðir sem eru einungis sýndar til leiðbeiningar á skýringarupprætti.

### 2.6.3 Gönguleiðir

Góðar gönguleiðir gefa kost á útivist og hvetja til heilbrigðara lífennis. Merking þeirra er mikilvæg grunnþjónusta við íbúa og gesti á hverjum stað. Að auki gera þær íbúum og gestum kleift að fræðast um náttúru, menningu og sögu á svæðinu. Mikilvægt er að kortleggja og merkja fjölbreyttar gönguleiðir.

#### Markmið:

- Lögð er áhersla á almenna útivist og að hún styðji við uppbyggingu ferðaþjónustu á svæðinu.
- Gönguleiðum verði fjölgað, bæði styttri og lengri leiðum.

#### Leiðir:

- Stefnt er að því að halda áfram merkingu gönguleiða í samstarfi við áhugamannafélög og aðila í ferðaþjónustu.
- Æskilegt er að hluti gönguleiðanna tengist náttúru, sögu og menningu svæðisins.
- Skipulagðar gönguferðir má nota til að efla umverfisfræðslu.

Helsta gönguleiðin á svæðinu er eftir Ásavegi, milli Orustustaða og Hnauss og hefur hún verið stikuð. Einnig er merkt gönguleið til austurs frá inntaksmannvirki Flóaáveitu. Þá er ný gönguleið í undirbúningi. Liggur hún frá Selvogskirkju um Flóahrepp í Skálholt.



Mynd 9. Merkt gönguleið er eftir Ásaveginum.

## 2.6.4 Reiðhjólaleiðir

Hjólreiðar verða sífellt vinsælli bæði sem ferðamáti og sem hluti af daglegri hreyfingu íbúa. Stefnt er að uppbyggingu reiðhjólaleiða í sveitarfélaginu og að þær verði sem mest aðskildar frá akvegum. Til að byrja með er þó gert ráð fyrir að við uppbyggingu og endurbætur á vegum verði gert ráð fyrir breiðri vegöxl fyrir reiðhjólumferð.

### Markmið:

- **Lögð er áhersla á að byggðar verði upp reiðhjólaleiðir um sveitarfélagið og að þær styðji við uppbyggingu ferðapjónustu á svæðinu.**

### Leiðir:

- Kortlagðar verði hjólreiðaleiðir í sveitarfélaginu í samvinnu við íbúa, landeigendur og almenning.
- Æskilegt er að aðskilja reiðhjólaleiðir frá akvegum.
- Unnið verði að því að EuroVelo hjólaleiðin gegnum sveitarfélagið verði að veruleika.

Unnið er að því að Ísland verði hluti af EuroVelo verkefninu, en það er net langra reiðhjólaleiða víðsvegar um Evrópu. Leiðirnar í þessu neti þurfa að uppfylla ákveðin skilyrði s.s. um hámarksumferð. Ein reiðhjólaleið á Íslandi er til skoðunar í þessu verkefni. Liggur hún frá Keflavíkurflugvelli til Seyðisfjarðar. Leiðin fylgir Suðurströndinni, yfir Ölfusá á Óseyrarbrú og eftir Gulverjabæjarvegi, Villingaholtsvegi, Urriðafossvégi og á Suðurlandsveg við Þjórsárbrú<sup>12</sup>.

## 2.6.5 Flugvellir

Flugvellir flokkast í fjóra flokka skv. 4 gr. reglugerðar um flugvelli nr. 464/2007; flugvöll I, flugvöll II, þyrfluflugvöll og lendingarstað. Flugvellir í flokki I þurfa rekstrarleyfi, aðrir flokkar flugvalla eru skráningarskildir<sup>13</sup>.

Við bæinn Forsæti er um 800 m löng flugbraut til einkanota.

## 2.7 VEITUR

Í grein 6.2. í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, eru veitur skilgreindar sem „vatnsveita, hitaveita, rafveita, fjarskiptalagnir- og mannvirki, fráveita og helgunarsvæði þeirra, þegar það á við“.

Í þessum kafla er fjallað um hin ýmsu veitumannvirki í Flóahreppi. Stofnlagnir eru sýndar á skipulagsuppdrætti en ekki er um tæmandi lista að ræða né heldur mikla nákvæmni. Unnið er að því að staðsetja lagnir nákvæmar og skrá þær í sameignlegan grunn sveitarfélaganna. Almenn er gert ráð fyrir að veitur séu lagðar meðfram vegum og forðast skal að leggja þær innan verndarsvæða. Sækja þarf um framkvæmdaleyfi til sveitarstjórnar fyrir lögnum. Gert er ráð fyrir að stofnlagnir séu sýndar á skipulagsuppdráttum sem og rafstrengir/háspennulínur 66 kV og stærri. Við færslu Suðurlandsvegar norður fyrir Selfoss er mikilvægt að gera ráð fyrir lagnabelti fyrir veitur meðfram veginum.

### 2.7.1 Vatnsveita

Helstu vatnsból og lindasvæði í Flóahreppi eru í Bitrulindum, Háubrekulind, Samúelslind og í Ruddakrókslind. Vatnsveita er á vegum sveitarfélagsins í samvinnu við sveitarfélagið Árborg.

### Markmið:

- **Öll byggð í sveitarfélaginu njóti nægjanlegs og góðs neysluvatns.**
- **Efla þarf vatnsveituna og sjá til þess að ávallt sé nægjanlegt neysluvatn.**

### Leiðir:

- Sveitarfélagið sjái til þess að vatnsból verði afgirt og engar framkvæmdir sem geta ógnað vatnsverndarsvæðum verði leyfðar á grann- eða fjarsvæðum þeirra.

<sup>12</sup> (Eva Dís Þórðardóttir & Gísli Rafn Guðmundsson, 2014).

<sup>13</sup> (Samgönguráðuneytið, 2007).

Nýir stórnotendur vatns geta ekki gengið að því vísu að fá að tengjast vatnsveitu sveitarfélagsins, eða að sveitarfélagið geti aflað nægjanlegs neysluvatns á annan hátt.

### 2.7.2 Hitaveita

Hitaveita er á flestum þeim bæjum sem tilheyrðu Hraungerðishreppi og fá íbúar vatn frá borholu í landi Oddgeirshóla. Sú hola var boruð árið 1985 og er í eigu hitaveitu Hraungerðishrepps. Í landi Laugar- dæla/Þorleifskots og við Ósabatna í landi Stóra-Ármóts eru borholur sem Selfossveitur nýta. Gert er ráð fyrir nýrri stofnlögn hitaveitu frá Öndverðarnesi að Selfossi. Lega hitaveitunnar hefur ekki verið ákveðin en gert er ráð fyrir að hún fylgi vegum, eftir því sem kostur er.

#### Markmið:

- Stefnt er að því að sem stærstur hluti byggðarinnar tengist hitaveitu.
- Haldið verði áfram rannsóknum á möguleikum á nýtingu jarðvarma í sveitarfélaginu.

#### Leiðir:

- Haldið verði áfram rannsóknum og möguleikum á að nýta jarðhita til að hita upp húsnæði sem víðast í Flóahreppi.

### 2.7.3 Fráveita

Lögð er áhersla á að öll byggð í sveitarfélaginu sé tengd viðurkenndum fráveitum og stendur sveitarfélagið fyrir hreinsun þeirra. Náttúrufarslegar aðstæður og stærðir lóða ráða mestu um hvernig eðlilegast er að útfæra fráveitur í dreifðum byggðum. Gert er ráð fyrir samveitum þar sem aðstæður leyfa. Þar sem lagning safnræsa þykir ekki álitlegur kostur, annað hvort vegna þess að það hefur ekki umhverfisbætandi áhrif eða það hefur í för með sér óhóflegan kostnað, skal nýta önnur kerfi sem vernda umhverfið jafn vel, sbr. 18. gr. reglugerðar um fráveitur og skolp nr. 798/1999. Á viðkvæmum svæðum, t.d. nálægt vatnsverndarsvæðum eða þar sem grunnvatnsstaða er há, eru almennt gerðar meiri kröfur til hreinsibúnaðar. Viðurkenndar rotþrær eru við flesta bæi og sumarhús í dreifbýlinu.

#### Markmið:

- Öll byggð skal vera tengd viðurkenndum rotþróum.
- Sameiginlegar fráveitur verði þar sem þéttleiki byggðar, landslag og náttúrufarslegar aðstæður leyfa.
- Þar sem lagning safnræsa þykir ekki álitlegur kostur skal nýta önnur kerfi sem vernda umhverfið jafn vel.

#### Leiðir:

- Fráveituvatni frá einstökum húsum sem ekki verður leitt í fráveitur verði veitt um rotþró og situr- leiðslu sbr. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skolp.

### 2.7.4 Rafveita


RARIK er dreifingaraðili raforku í sveitarfélaginu og eru allir bæir tengdir dreifikerfinu.

#### Markmið:

- Sem flestar háspennulínur verði settar í jörð og þar sem háspennulínur eru lagðar ofanjarðar verði leitast við að draga úr sjónrænum áhrifum á náttúrulegt landslag og hefðbundið búsetu- landslag.
- Að þrífösun rafmagns verði komið á í dreifbýli.

#### Leiðir:

- Gert er ráð fyrir að allar nýlagnir með 66 kV eða lægri spennu verði settar í jörð.



Mynd 10. Helgunarsvæði háspennulína skv. staðli ÍST EN 50341-3-12:2001.

Í Flóahreppi eru eftirfarandi háspennulínur:

Háspennulínur	
Heiti línu	Lýsing
<b>Búrfellslína 2, 220 kV</b>	Línan liggur frá Búrfelli að Geithálsi og liggur þvert yfir sveitarfélagið um Flóðamosamýri og síðan norðan Hurðarbaksvatns, yfir Suðurlandsveg vestan við Langstaði og þaðan í átt að Ölfusá við Svarfhólsvöll norðan Laugardæla.
<b>Selfosslína 2, 66 kV</b>	Línan liggur frá tengivirki á Hvolsvelli í nágrenni Suðurlandsvegar að tengivirki á Selfossi.

Helgunarsvæði háspennulína er misbreitt en almennt gildir að því hærri spenna, því breiðara helgunarsvæði (Mynd 10). Innan helgunarsvæðis er óheimilt að reisa mannvirki.

Háspennulínur, með flutningsgetu 66 kV eða meira eru matsskyldar skv. reglugerð nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum. Raflínur 33 kV eða meira, hvort heldur er um jarðstrengi eða loftlínur að ræða eru framkvæmdaleyfisskyldar og eftir atvikum tilkynningaskyldar s.s. á verndarsvæðum. Stofnlínur og strengir 66 kV og stærri eru sýndir á skipulagsuppráttum

### 2.7.5 Fjarskipti

Þingsályktun um tólf ára fjarskiptaáætlun, fyrir árin 2011-2022, gerir ráð fyrir að öryggi fjarskiptakerfa á landsvísu, útbreiðsla og afköst verði tryggð. Þá verði settar fram tillögur að úrbótum sem greiði fyrir endurnýjun og uppbyggingu ljósleiðarastofn- og aðgangsneta um land allt<sup>14</sup>.

#### Markmið:

- Gert er ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu fjarskipta í sveitarfélaginu sem stuðlar að aukinni þjónustu við íbúa og styrkir atvinnustarfsemi.
- Tryggt verði fjarskiptasamband á helstu vegum og ferðmannasvæðum.

#### Leiðir:

- Haldið verði áfram uppbyggingu háhraðanets í sveitarfélaginu, m.a. verði skoðaður möguleiki á ljósleiðaravæðingu.
- Gert er ráð fyrir að stofnleiðir ljósleiðara fylgi vegum í megindráttum.

## 2.8 VERNDARSVÆÐI OG MINJAR

Í þessum kafla er fjallað um svæði sem njóta einhvers konar friðunar eða verndar vegna náttúru eða menningarminja. Einnig þá þætti sem lúta að takmörkun á landnotkun s.s. vegna hverfisverndar, vatnsverndar eða minja.

<sup>14</sup> (Alþingi Íslands, 2012b).

Með verndarsvæðum er átt við svæði sem verndarkvaðir hvíla á, t.d. vegna náttúruverndar. Um náttúruverndarsvæði gilda ákvæði laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

*Samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 þá teljast náttúruverndarsvæði vera; friðlýst svæði og afmörkuð búsvæði friðaðra tegunda. Svæði og náttúrumyndanir á náttúruminjaskrá. Afmörkuð svæði á landi og sjó sem njóta verndar samkvæmt öðrum lögum vegna náttúru eða landslags<sup>15</sup>.*

Samkvæmt VIII kafla laganna eru flokkar friðlýstra svæða eftirtaldir:

- Náttúruvé
- Óbyggð víðerni
- Þjóðgarðar
- Friðlönd
- Náttúruvætti
- Landslagsverndarsvæði
- Verndarsvæði með sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda.

Samkvæmt 61. gr. laganna þá njóta ákveðnar jarðmyndanir og vistkerfi sérstakrar verndar og skal forðast að raska þeim eins og kostur er. Þær eru eftirtaldir:

- Votlendi 20.000 m<sup>2</sup> eða stærri, stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m<sup>2</sup> að flatarmáli eða stærri og sjávarfitjar og leirur.
- Sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir birkiskógar og leifar þeirra þar sem eru m.a. gömul tré.
- Eldvörp, eldhraun, gervigígar og hraunhellar sem myndast hafa eftir að jökull hvarf af landinu á síðjökultíma.
- Fossar og nánasta umhverfi þeirra að því leyti að sýn að þeim spillist ekki, hverir og aðrar heitar uppsprettur ásamt lífríki sem tengist þeim og virkri ummyndun og útfellingum, þar á meðal hrúðri og hrúðurbreiðum.

Þá ber, skv. 62. gr. laganna, að leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og nánasta umhverfi.

Ekki hefur verið gerð úttekt á jarðmyndunum og vistkerfum á skipulagssvæðinu sem ákvæði 61. gr. laganna taka til, eða þær kortlagðar, skipulagið er því sett fram með þeim annmörkum. Leita skal um-sagnar Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefnda áður en framkvæmda- eða byggingarleyfi er veitt, sbr. 13. og 15. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, í þeim tilvikum sem framkvæmdir geta haft í för með sér röskun á þessum landslagsgerðum.

#### Markmið:

- **Stuðla skal að verndun lítt raskaðra landsvæða.**
- **Stuðlað verði að varðveislu sögu-, náttúru- og menningarminja og annarra umhverfislegra gæða.**
- **Landnotkun stuðli að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst meðal annars í byggingararfi og landslagi.**
- **Merkir minja- og sögustaðir verði merktir og gerðir aðgengilegir, fornar leiðir verði endurvaktar, m.a. til að renna styrkari stoðum undir ferðapjónustu.**
- **Kortlagðar verði gamlar þjóðleiðir og kannaðir möguleikar á að nýta þær sem reið- og/eða göngu-leiðir.**
- **Hugað verði að varðveislugildi eldri húsa og mannvirkja, þ.m.t. samgöngumannvirkja.**
- **Unnið verði að kortlagningu Flóaáveitunnar og mannvirki hennar njóti hverfisverndar.**

#### Leiðir:

- *Skipulag og merkingar verði bætt til að koma í veg fyrir umhverfisspjöll og til að bæta umgengni um viðkvæm svæði.*

<sup>15</sup> (Alþingi Íslands, 2015).

- *Markvisst verði reynt að vernda náttúru- og menningarminjar á svæðinu m.a. með merkingu þeirra og aukinni fræðslu og upplýsingagjöf til ferðamanna.*
- *Helstu minjar/minjasvæði verði sett undir hverfisvernd og skilgreind verndarákvæði fyrir þær.*
- *Lokið verði við aðalskráningu fornminja í sveitarfélaginu á skipulagstímanum.*
- *Stuðla skal að vernd og viðhaldi Flóaáveitunnar og mannvirkja sem henni tengjast, áveitan virki eins og lagt var upp með við gerð hennar.*
- *Mannvirki sem tengjast Flóaáveitunni verði kortlögð, sögu hennar og notkun gerð greinargóð skil.*

### 2.8.1 Önnur náttúruvernd - Náttúruminjaskrá

Náttúruminjaskrá er skrá yfir öll friðlýst svæði á Íslandi og mörg önnur merkileg svæði sem hafa ekki enn verið friðlýst. Þau svæði sem eru á náttúruminjaskrá geta hýst sjaldgæfar tegundir eða tegundir í útrým-ingarhættu. Þau geta verið óvenju tegundarík eða viðkvæm fyrir röskun eða að þau eru nauðsynleg til að viðhalda sterkum stofni mikilvægra tegunda. Svæðin geta haft vísindalegt gildi, félagslegt-, efnahagslegt-, eða menningartengt gildi. Þau geta einnig verið mikilvæg til að viðhalda náttúrulegum þróun-arferlum, haft alþjóðlegt náttúruverndargildi eða verið einkennandi fyrir náttúruferar viðkomandi lands-hluta. Almennt gildir að mannvirkjagerð á svæðum á Náttúruminjaskrá er tilkynningarskyld sbr. lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, viðauka 2.

Eftirtalið svæði er á náttúruminjaskrá og flokkað sem aðrar náttúruminjar, lýsing á því er tekin úr Náttúruminjaskrá og vísar númerið til hennar <sup>16</sup>:

Svæði á náttúruminjaskrá og önnur náttúruverndarsvæði		
Nr.	Heiti	Lýsing á afmörkun svæða og sérstæði þeirra skv. náttúruminjaskrá
749	Bæjarvatn	Vatn í landi Gaulverjabæjar í Flóa. Grunnt stöðuvatn. Sérstæður gróður.

### 2.8.2 Hverfisvernd

Samkvæmt skipulagsreglugerð nr. 90/2013, gr. 6.3 þá gilda sérstök ákvæði um hverfisverndarsvæði: „Svæði þar sem sveitarstjórn hefur sett ákvæði um hverfisvernd til að vernda sérkenni eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, náttúruminjar, landslag eða gróður vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis, án þess að um friðun sé að ræða samkvæmt öðrum lögum“ <sup>17</sup>.

Hverfisvernd er alhliða vernd sem getur tekið til náttúruminja, landslags eða fornleifa. Mörg þessara svæða hafa einnig nokkuð útivistargildi. Sveitarstjórn setur fram í aðalskipulagi hvaða þættir á viðkomandi svæði skulu njóta tiltekinnar verndar. Ennfremur hvaða réttindi og kvaðir eru samfara hverfisvernd og geta takmarkað framkvæmdir og landnotkun svæðisins.

Hverfisvernd er af tvennum toga; vegna náttúruverndar og vegna fornleifa.

#### Hverfisvernd vegna náttúruverndar

Nokkur svæði eru skilgreind sem hverfisverndarsvæði, einkum vegna sérstæðs fuglalífs, gróðurs og útivistargildis. Flóaáveitan er sett undir hverfisvernd en ekki sýnd á skipulagsuppdrætti, unnið er að kortlagningu hennar. Inntaksmannvirki Flóaáveitunnar er í Sandskörðum við Hvítá, skammt austan við bæinn Brúnastaði. Aðalskurður Flóaáveitunnar liggur þaðan þvert um sveitina að Hróarsholtslæk við Skeggja-staði. Allt skurðakerfið er um 300 km að lengd, flóðgarðar eru um 500 km og um 200 brýr voru byggðar yfir skurðina. Ákvæði hverfisverndar vegna náttúruverndar eru eftirfarandi:

- Hefðbundnar nytjar, svo sem beit og veiðar geta haldist eins og verið hefur. Sveitarstjórn getur þó sett reglur um takmörkun eða stjórn beitar á svæðinu.
- Framræsla votlendis er óheimil.
- Halda skal byggingaframkvæmdum í lágmarki og þess gætt að þær leiði til eins lítillar röskunar og kostur er.

<sup>16</sup> (Umhverfisstofnun, 1996).

<sup>17</sup> (Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, 2013).



- Ræktun nytjaskóga og önnur ræktun sem getur haft áhrif á vistkerfi svæðanna er bönnuð.

Yfirlit yfir þau hverfisverndarsvæði sem auðkennd eru á skipulagsuppdrætti er tekið saman í töflum hér að neðan. Þar kemur einnig fram hvaða þættir standa á bak við verndargildi þeirra:

Hverfisvernd vegna náttúruverndar			
Nr	Heiti	Lýsing	Jörð
HV1	Tjarnir við Sviðugarða	Gróskumiklar tjarnir, nokkuð heilleg votlendi og dælir. Dæmi um mýrar með áveituminjum. Áhersla á verndun náttúrulegrar ásýndar svæðisins.	Súluholt og Sviðugarðar
HV2	Villingaholtsvatn	Frá fornu fari hefur silungur gengið í vatnið og þar er talsvert fuglalíf. Helstu tegundir fugla eru álftir, gæsir, urtönd, duggönd, toppönd, lóupræll, jaðrakan, stelkur, hrossagaukur, þúfutittlingur, spói, tjaldur og tildra. Suðvestur af Villingaholtsvatni er mýrlendi og afrennsli frá vatninu þangað um gamlar rásir og skurði Flóaáveitunnar. Áhersla á verndun náttúrulegrar ásýndar svæðisins.	Vatnsholt, Vatnsendi, Villingaholt
HV3	Hurðarbaksvatn	Við Hurðarbaksvatn verpir álft, rauðhöfðaönd, mófuglar o.fl. Mýrin er nokkuð framræst og skurður liggur út í vatnið. Áhersla á verndun náttúrulegrar ásýndar svæðisins.	Hurðarbak
HV4	Hamar	Tjarnir við Hamar. Votlendissvæði, vistkerfi og mikilvæg fuglasvæði. Áhersla á verndun náttúrulegrar ásýndar svæðisins.	Hamar
HV5	Bæjarvatn, Kleppsvatn og Miklavatn	Votlendissvæði, vistkerfi og mikilvæg fuglasvæði. Áhersla á verndun náttúrulegrar ásýndar svæðisins. Bæjarvatn er á náttúruminjaskrá.	Nokkrar jarðir
HV7	Krákuvatn, Krákumýri og Rauðavatn	Krákuvatn, Krákumýri og Rauðavatn. Votlendissvæði, vistkerfi og fjölskrúðugt fuglalíf. Áhersla á verndun náttúrulegrar ásýndar svæðisins.	Nokkrar jarðir
HV8	Þjórsárós – Fljótshólar	Sandöldur, leirur og votlendi við ána. Mikið fuglalíf. Áhersla á verndun vistkerfis og fuglasvæðis og náttúrulegrar ásýndar.	Fljótshólar
HV9	Loftsstaðasandur	Frá sveitarfélagamörkum að vestan, að Loftstaðahól og austur að ósi Þjórsár. Verndun landslagsheildar, vistkerfa, fuglasvæðis og búsetuminja.	Nokkrar jarðir
HV10	Gegnishólar	Verndun sérstakra jarðmyndana. Þyrping gervígiga sunnan Holtsvegamáta. Mannvirkjagerð og jarðrask er með öllu óheimilt.	Efri-Gegnishólar
HV11	Laugardælavatn, Ósabatnar, bakkar Ölfusár og Hvítár	Laugardælavatn, Ósabatnar og aðliggjandi votlendi, eyjar og hólmar í Hvítá. Fjölbreytt fuglalíf og útivistargildi. Á bökkum Hvítár skiptast á mýrarblettir, móar og klappir. Áhersla er á verndun náttúrulegrar ásýndar svæðisins.	Nokkrar jarðir
HV12	Oddgeirshóla-klettur	Sérkennilegar jarðmyndanir og fjölbreytt gróðurfar. Áhersla á verndun náttúrulegrar ásýndar svæðisins.	Oddgeirshólar
HV13	Brúnastaðanes	Brúnastaðanes og Austurkotseyja í Hvítá. Stararfloar með tjörnum og þurrum rimum á milli. Verndun vegna fuglalífs.	Brúnastaðir
HV14	Stekkur	Eyjan Stekkur í Hvítá nýtur verndar vegna fuglalífs.	Brúnastaðir
HV15	Föxur	Óvenju heildstætt og víðfemt svæði þar sem hið sérkennilega yfirborð Þjórsárhrauns kemur vel fram. "Dælurnar, sem svo eru nefndar eru frá 5 m til nokkurra tuga metra að stærð og dreifast reglulega um hraunið. Enn er óútskýrt hvernig þær hafa myndast, en stungið hefur verið upp á gerfigígum og niðurföllum vegna undirhlaups" <sup>18</sup> . Hraunið er pyttótt og víða eru smærri tjarnir. Ein stærsta tjörnin er skammt sunnan við eyðibýlið Laugar og nefnist Föxutjörn. Þar hefst við Óðinshani.	Nokkrar jarðir
HV16	Tjarnir við Bitru	Votlendissvæði og fuglasvæði. Á svæðinu vex m.a. fergin og gulstör. Norður af tjörnunum er starungsmýri. Þarna verpa m.a. buslendur,	Bitra

<sup>18</sup> (Samvinnunefnd um svæðisskipulag í Flóa, 1992).

	ýmsir vaðfuglar, lómur, álftr og hávella. Áhersla á verndun náttúrulegrar ásýndar svæðisins.	
<b>HV17 Jarðsprungur</b>	Jarðsprungur austan við Bitru. Opín sprunga með sýnilegu grunnvatnsrennsli. Áhersla á verndun náttúrulegrar ásýndar svæðisins.	Bitra
<b>HV18 Flóaáveitan</b>	Inntaksmannvirki, skurðir, flóðgarðar og brýr. Óheimilt er að raska eða breyta mannvirkjum áveitunnar. Hins vegar skal mannvirkjum haldið vel við, t.d. með því að hreinsa upp úr skurðum eftir því sem þarf. Einnig skal séð til þess að áveitan virki í samræmi við tilgang hennar. Unnið er að kortlagningu áveitunnar og hún því ekki sýnd á uppdrætti.	Margar jarðir
<b>HV19 Lútandavatn</b>	Búið að endurheimta votlendi og hefur fuglalíf glæðst við það. Þar má t.d. finna álftr, urtendur, rauðhöfðaendur, stökkendur og hettumáv. Nýtur verndar vegna fuglalífs.	Flaga, Öfundarholt
<b>HV20 Gamla Þingborg</b>	Minjasvæði sem sett er undir hverfisvernd. Meðal annars gömul brú yfir aðalskurð Flóaáveitunnar, hlaðin hús og hleðslur vestan áveituskurðar.	Þingborg

### 2.8.3 Minjavernd

Í þessum kafla er fjallað um friðlýstar fornminjar og fornminjar sem njóta hverfisverndar ásamt friðuðum eða friðlýstum byggingum. Fjöldi merkra sögu- og minjastaða eru í sveitarfélaginu.

*Þjóðminjar taka til svæða þar sem eru friðlýstar fornminjar, þekktar fornleifar eða friðuð hús samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012*<sup>19</sup>.

Í gr. 6.3 í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, er minjavernd skilgreind sem „svæði þar sem eru friðlýstar fornleifar og friðaðar fornminjar, hús og mannvirki sem njóta sjálfkrafa verndar á grundvelli aldurs þeirra samkvæmt lögum um menningarminjar“<sup>20</sup>.

Samkvæmt 1. gr. í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 teljast menningarminjar „ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lög þessi ná einnig til staða sem tengjast menningarsögu“<sup>21</sup>. Allar friðlýstar fornminjar flokkast sem þjóðminjar skv. 2. gr. laganna. Þá kveða lögín á um að allar minjar 100 ára og eldri séu fornminjar sbr. 3. gr. laganna. Þar segir einnig að fornleifar teljist „hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á.“ Auk friðlýstra fornminja er fjöldi annarra fornminja á svæðinu sem eru vernduð í flokki hverfisverndar en allar fornminjar njóta friðunar skv. 3. gr. laganna. Í 16. gr. segir að skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skuli fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi.

Við fornleifaskráningu er aflað heimilda um fornleifar á viðkomandi skipulagssvæði sem gefa til kynna eðli og veitir yfirlit um menningarminjar á svæðinu. Helstu flokkar heimilda sem stuðst er við eru jarðabækur, túnakort, örnefnaskrár og fornleifaskýrslur.

Aðalskráning fornminja stendur yfir í Flóahreppi, lokið er skráningu á þeim jörðum sem tilheyrðu Hraungerðishreppi og flestum jörðum sem tilheyrðu Villingaholtshreppi. Gert er ráð fyrir að allri skráningunni ljúki á skipulagstímanum. Friðlýstar fornminjar og þær fornminjar sem taldar eru hafa mest varðveislugildi eru sýndar á skipulagsuppdrætti. Aðrar minjar sem skráðar hafa verið í aðalskráningu fornminja eru sýndar á skýringaruppdrætti nr. 6.

Í sveitarfélaginu eru nokkrar friðlýstrar fornminjar. Fornminjarnar eru listaðar upp hér á eftir og sýndar á skipulagsuppdrætti. Númer fornminja vísa til aðalskráningar.

<sup>19</sup> (Alþingi Íslands, 2012a).

<sup>20</sup> (Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, 2013).

<sup>21</sup> (Alþingi Íslands, 2012a).

Friðlýstar fornminjar <sup>22</sup>		
Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
ÁR001:013	Skálmholt	Dælarétt. Samanstendur af tveimur stakstæðum, grjóthlöðnum mannvirkjum, nátthaga og hinni eiginlegu rétt.
ÁR004:008	Urriðafoss	Fossvirki. Garðlag fornt, er liggur suður eftir allri brún Fossvirkis, frá Virkisvörðu, hverfur fyrir sunnan Virkisendann, en kemur aftur í ljós á móaholti fyrir sunnan lægð þá, er Leynir heitir og heldur þaðan sömu stefnu til Þjórsár.
ÁR004:009	Urriðafoss	Fornt mannvirki úr grjóti og varða á, nefnd Virkisvarða, á norðausturhorni hæðar, sem kallast Fossvirki, fyrir vestan Fosslæk, gegnt bænum.
ÁR004:012	Urriðafoss	Heimild um stekk. Ekki er unnt að staðsetja stekkin.
ÁR021:028	Kolsholt	Hellir sem er hruninn, enn má sjá meitlaför, strompa og krossmark í þeim veggjum sem eftir eru.
ÁR021:029	Kolsholt	Hellir sem er vel varðveittur og óraskaður. Forskálinn er hruninn en ennþá má sjá stromp, krossmark og meitlaför þar.
ÁR023:016	Kolsholtshellir	Hellir í Hellishól. Forskálinn er hruninn en strompur sést enn. Hellirinn var notaður fram á seinni hluta 20. aldar.
ÁR024:003	Önundarholt	Önundarleiði og svipaðar þúfur umhverfis, á móabrún við mýri fyrir norðaustan túnið.
ÁR028:080	Hróarsholt	Uppblásið bæjarstæði er kallast Hróarslækur.
ÁR038:006	Kampholt	Friðlýstur hellir, staðsetning óþekkt en líklega vestan við bæinn.
ÁR038:015	Kampholt	Hellir norðan við heimatúnið.
ÁR038:027	Kampholt	Hellir vestast í Kampholtstúni. Sagnir eru um að hann hafi verið notaður sem búr til forna.
ÁR048:001	Miklaholts-hellir	Hellir sem búið var í árið 1708. Hellirinn er mikið raskaður.
ÁR048:005	Miklaholts-hellir	Fjárhellir, tveir sambyggðir hellar sem notaðir voru sem fjárhús og hlaða. Annar hruninn og fyllt hefur verið upp í þá báða.

### Friðaðar byggingar

Samkvæmt 29. gr. laga um menningarminjar, nr. 80/2012, þá eru öll hús og mannvirki sem eru eldri en 100 ára friðuð og er óheimilt að raska þeim, breyta, rífa eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar. Samkvæmt 31. gr. laganna er óheimilt að gera nokkrar breytingar á friðlýstu húsi eða mannvirki án vitundar Minjastofnunar Íslands.

Þrjár kirkjur í sveitarfélaginu hafa verið friðaðar skv. 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Upplýsingar um þær eru fengnar af vef Minjastofnunar.

Friðuð eða friðlýst hús og mannvirki	
Heiti	Lýsing
Villingaholtskirkja	Timburhús reist 1911. Friðuð 1. janúar 1990. Villingaholtskirkja er timburhús. Þakið er krossreist og laufskornar vindskeiðar úr blikki eru undir þakbrúnum. Upp af framstafni er ferstrendur turn með íbjúga turnspíru. Undir honum er turnstallur með innsveigðu þaki. Kirkjan stendur á steinsteyptum sökkli. Veggir og þak eru klædd bárujárni.
Gaulverjabæjarkirkja	Byggð 1909. Friðuð 1. janúar 1990. Kirkjan er timburhús. Þakið er krossreist, klætt bárujárni og undir þakbrúnum eru laufskornar vindskeiðar. Upp af vesturstafni er ferstrendur burstsettur turn. Á honum er ferstrend spíra klædd sléttu járni, og undir turninum er stallur. Á framhlið turns er hljómpop með hlera og þverglugga með bogarimum yfir. Kirkjan er klædd bárujárni og stendur á steinsteyptum sökkli.

<sup>22</sup> (Ragnheiður Gló Gylfadóttir ritstjóri, 2014, 2016; Ragnheiður Gló Gylfadóttir, ritstjóri, 2010).

Hraungerðiskirkja	Byggð 1902. Friðuð 1. janúar 1990. Hraungerðiskirkja er timburkirkja. Þakið er krossreist og laufskornar vindskeiðar eru undir þakbrúnum kirkju og turns. Upp af vesturstafni er ferstrendur burstsettur turn með háa píramítalagaða spíru. Undir honum er breiður stallur. Kirkjan er bárujárnsklædd og stendur á steinhlöðnum og steinsteyptum sökklum.
-------------------	---

Í 30. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 er fjallað um verndun annarra húsa og mannvirkja sem ekki eru friðuð eða friðlýst. Undir þetta falla mannvirki sem byggð voru 1925 eða fyrr og kirkjur sem reistar voru 1940 eða fyrr. Upplýsingar eru fengnar úr skráum Fasteignamats ríkisins.

Verndun annarra húsa og mannvirkja	
Heiti	Lýsing
Laugardælur	Einbýlishús byggt árið 1892.
Austur-Meðalholt	Safn, smiðja og hesthús byggt árið 1907.
Krókur	Hlaða byggð árið 1915.
Ragnheiðarstaðir	Hlaða byggð árið 1916.
Langholtspartur	Íbúðarhús byggt árið 1920.
Ölvisholt	Íbúðarhús byggt árið 1924.

### Fornminjar sem njóta hverfisverndar

Þær fornminjar sem taldar eru hafa mest varðveislugildi, skv. aðalskráningu, eru settar undir hverfisvernd og sýndar á skipulagsupprætti. Æskilegt er að unnið verið að varðveislu þessara minja, þær gerðar aðgengilegar og veittar upplýsingar um þær. Varðandi umfjöllun um þær er vísað í aðalskráningu fornminja og vísa númer minjanna til hennar.

Fornminjar sem njóta hverfisverndar <sup>23</sup>		
Nr.	Heiti	Lýsing
ÁR001:002	Skálmholt	Vísbendingar um bænhús.
ÁR001:009	Dælakot	Býli þar sem vitað er að búið var undir lok 17. aldar.
ÁR001:017	Skálmholt	Vísbendingar um bænhús.
ÁR002:001	Skálmholtshraun	Minjaheild með vel varðveittu búsetulandslagi og fjölmörgun fornleifum.
ÁR003:001	Þjótandi	Bæjarhóll, umgangsmikill og greinilegt að byggð hefur verið þar yfir langan tíma.
ÁR004:027	Urriðafoss	Fyrsta vatnsaflsrafstöðin sem reist var í Árnessýslu árið 1927. Ummerki enn sýnileg s.s. stífla og veggir.
ÁR005:012	Egilsstaðir	Kóngstekki. Fjórar fornlegar tóftir, líklega fjárhús.
ÁR007:001	Mjósyndi	Elsti þekkti bæjarhóllinn er varðveittur, er líklega forn.
ÁR007:002	Mjósyndi	Kirkjuhóll, mannvistarlög undir sverði.
ÁR010:001	Efri-Sýrlækur	Mögulega óraskað miðaldabýli ásamt útihúsum.
ÁR011:001	Syðri-Sýrlækur	Mögulega óraskað miðaldabýli ásamt útihúsum.
ÁR011:006	Grænhóll	Býli sem er varðveitt að einhverju leyti.
ÁR014:020	Saurbær	Kolsgarður kerfi af fornum garðlögum.
ÁR018:001	Gamla Villingaholt	Eldri bæjarhóll, gríðarstór og óraskaður.
ÁR018:002	Villingaholt	Kirkja á eldri bæjarhól sem er gríðarstór og óraskaður.
ÁR018:031	Villingaholt	Áveita.
ÁR018:033	Villingaholt	Hjáleigan Borg. Sér til fjögurra tófta, eina þekktu hjáleigan á svæðinu.
ÁR018:047	Villingaholt	Áveita.
ÁR018:048	Villingaholt	Áveita.

<sup>23</sup> (Ragnheiður Gló Gylfadóttir ritstjóri, 2014, 2016; Ragnheiður Gló Gylfadóttir, ritstjóri, 2010).

ÁR20:003	Vatnsholt	Áveita. Mikið heimildagildi fyrir byggðasögu svæðisins.
ÁR021:017	Kolsholt	Kolsgarður, kerfi af fornum garðlögum.
ÁR021:030	Kolsholt	Stóri/Litli-Gapi. Hellir sem er hruninn en milli þeirra er varðveittur steinbogi sem var hluti af þaki á milli hvelfinganna.
ÁR023:008	Kolsholtshellir	Kúalaut er líklega fallinn hellir.
ÁR023:014	Kolsholtshellir	Öskuhaugur sem hefur verið rannsakaður.
ÁR023:015	Kolsholtshellir	Öskuhaugur sem er óraskaður en sést lítið sem ekkert á yfirborði.
ÁR024:032	Önundarholt	Að minnsta kosti átta tóftir. Tóftirnar eru mjög signar.
ÁR028:027	Hestapingvöllur	Í landi Hróarsholts. Merki um kappreiðavöll.
ÁR033:001	Gráklettur	Ein af hjáleigum Hróarsholts og er bæjarhóllinn ásamt bæjarhúsum varðveittur enn.
ÁR039:005	Hraungerði	Tóft útihúss í heimatúni. Upplýsingar um búskap, landnotkun og byggingartækni.
ÁR039:047	Þinghús	Tóftir þinghúss í landi Hraungerðis. Eina sinnar tegundar á svæðinu.
ÁR039:065	Gamla Hraungerði	Býli fyrr á öldum.
ÁR039:078	Bollastaðakot	Bæjarhóll, lítt eða óraskaður.
ÁR047:004	Voli	Rjómbúið í Vola.
ÁR055:001	Krókskot	Bæjarhóll, lítt eða óraskaður.
ÁR056:008	Músakot	Býli sem reist var á seinni hluta 17. aldar. Tóftirnar hafa varðveist að einhverju leyti.
ÁR056:009	Tún	Túngarður, grjóthlaðinn garður sem afmarkar gamla heimatúnið
ÁR056:010	Sauðhústún	Býli fyrr á öldum.
ÁR056:012	Túnskot	Býli sem reist var á seinni hluta 17. aldar. Tóftirnar hafa varðveist að einhverju leyti.
ÁR057:020	Lögrétta	Tóft í Sölvholti. Tóftin er hringlaga og gæti nafn hennar mögulega vísað til þinghalds á þessu svæði.
ÁR059:019	Mómýri	Mógrafasvæði.
ÁR059:026	Vatnskot	Býli sem reist var á seinni hluta 17. aldar. Tóftirnar hafa varðveist að einhverju leyti.
ÁR059:031	Rimi	Býli sem reist var á seinni hluta 17. aldar. Tóftirnar hafa varðveist að einhverju leyti.
ÁR060:001	Reykjavellir	Bæjarhóll, lítt eða óraskaður.
ÁR062:001	Ósgerði	Bæjarhóll, lítt eða óraskaður.
ÁR065:012	Stóra-Ármót	Túngarður ásamt sambyggðum hólum. Veggir eru hlaðnir úr torfi og grjóti og eru tvöfaldir með torfi á milli.
ÁR065:014	Stekkar	Býli sem reist var á seinni hluta 17. aldar. Tóftirnar hafa varðveist að einhverju leyti.
ÁR065:020	Grafarmýri	Mógrafasvæði.
ÁR068:002	Langholt	Eina þekktu bænahúsið á svæðinu. Fundist hafa mannabein við jarðrask.
ÁR068:012	Hellir	Hellir sem nýttur var sem fjárhús fram til ársins 1968.
ÁR071:014	Geldingaborg	Stór rústahóll í landi Oddgeirshóla, greinilegar minjar undir yfirborði.
ÁR071:018	Stóraborg	Stór rústahóll í landi Oddgeirshóla, greinilegar minjar undir yfirborði.
ÁR076:002	Hjálmholt	Tóftir kirkju.
ÁR076:015	Austurkot	Býli sem er varðveitt að hluta.
ÁR078:019	Bitra	Lambhúsholt. Þyrping tófta, líklega forn fjárhús.
ÁR080:013	Laugin	Vogur brunnur og hlaðin stétt umhverfis hann. Brunnurinn er tengdur við Sturlungu.
ÁR080:021	Laugar	Öskuhaugur í honum felast upplýsingar um búfjarhald, mataræði og daglegt líf.

ÁR611:001-002	Ásavegur eystri og vestari	Gömul leið sem liggur þvert í gegnum sveitarfélagið.
ÁR611:015	Flóaáveita	Áveitukerfi.
ÁR621:005	Gamli þjóðvegurinn	Leiðin lá gegnum Hraungerðishrepp.
ÁR621:009	Póstleið	Leiðin lá gegnum Hraungerðishrepp.
ÁR621:014	Flóaáveitan	Mikilvæg fyrir búskap, sögu og menningu á svæðinu. Liggur víða um sveitarfélagið.

Allar fornminjar sem skráðar hafa verið skv. aðalskráningu eru sýndar á skýringarupprætti 6 í viðauka.

#### 2.8.4 Vatnsvernd

Í gr. 6.3 í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, eru vatnsverndarsvæði skilgreind sem „svæði sem heilbrigðisnefnd sveitarfélags hefur ákvarðað sem vatnsverndarsvæði umhverfis hvert vatnsból, annars vegar grannsvæði (VG) og hins vegar fjarsvæði (VF) sbr. reglugerð um neysluvatn“.

Vatnsverndarsvæði flokkast í þrjá flokka skv. 13. gr. reglugerðar nr. 796/1999 m.s.b. um varnir gegn mengun vatns. Flokkarnir eru brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði<sup>24</sup>.

Um vatnsverndarsvæði gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn nr. 536/2001 og reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999.

#### Markmið:

- Lögð er áhersla á nægt framboð neysluvatns fyrir íbúa og atvinnustarfsemi.
- Áhersla verður á að tryggja vatnsgæði til framtíðar.

#### Leiðir:

- Vatnsból verði afgirt og friðuð fyrir óviðkomandi umferð.
- Vatnsgæði verða metin og kortlögð í samvinnu við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.
- Skilgreind verða vatnsverndarsvæði í samvinnu við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.
- Engar framkvæmdir sem ógnað geti brunnsvæðum verði leyfðar á grann- eða fjarsvæðum þeirra.

Gerð hefur verið úttekt á vatnsverndarsvæði í Merkurhrauni, sem kennt er við Bitru. Úttektin var unnin af ÍSOR<sup>25</sup>. Skoðað var hvort á svæðinu sé nýtanlegur grunnvatnsstraumur hvað varðar magn og gæði vatns og hvernig eðlilegast sé að skilgreina vatnsverndarsvæði. Niðurstaðan er að neysluvatnstaka á brunnsvæðum við Bugalæk, austur af Hjálmholti, virðist vera vel framkvæmanleg með borunum í gegnum Þjórsárhraunið. Hraunið er líklega 20-30 m þykkt og vel vatnsgæft. Vatnsgæðin ættu að vera í lagi en þó hefur járnmengun víða valdið vandræðum á þessum slóðum. Járnmengun er ekki í vatnsfylltum gjám og lindum í nágrenninu. Efnisnáma í Merkurhrauni, sem er um 1200 m austan brunnsvæðis, þarf ekki að ógna vatnsbólunni ef farið er að gát við vinnsluna. Fyrirhuguð frístundabyggð innan fjarsvæðis ætti ekki að vera til skaða ef rétt er staðið að fráveitu og öðrum málum. Full ástæða er til að viðhalda vatnsverndarsvæðunum við Bugalæk<sup>26</sup>.

#### I. flokkur - brunnsvæði

Verndarákvæði brunnsvæða skv. 13. gr. laga um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999 eru þessi: „Brunnsvæði er næsta nágrenni vatnsbólsins. Það skal vera algjörlega friðuð fyrir óviðkomandi umferð og framkvæmdum öðrum en þeim, sem nauðsynlegar eru vegna vatnsveitunnar. Heilbrigðisnefnd getur, þar sem þörf krefur, krafist þess að svæðið skuli girt mannheldri girðingu, sem sé minnst 5 metra frá vatnsbóli“.

<sup>24</sup> (Umhverfissráðuneytið, 1999).

<sup>25</sup> (Árni Hjartarson, 2016).

<sup>26</sup> (Árni Hjartarson, 2016).



Vatnsból og 5 m svæði umhverfis þau eru sýnd á skipulagsuppráttum. Brunnsvæði eru eftirtalin:

Brunnsvæði			
Nr.	Heiti	Lýsing	Jörð
VB1	Ruddakrókslind	Lind sem sprettur upp í skurði vestast í landi Þingdals. Vatnsrennsli fyrir virkjun mældist 6-17 l/s og er vatnsbólíð í 60 m hæð.	Þingdalur, Hurðarbak
VB2	Samúelslind	Lind í landi Þingdals.	Þingdalur
VB3	Hurðarbakslind	Lind vestan Dalsmynnis.	Dalsmynni
VB4	Bitrulindir	Mögulegt framtíðarvatnsból. Gert er ráð fyrir að borað verði niður í grunnvatnsstrauminn. Vatnsmagn gæti verið 10-15 l/s með dælingu.	Hjálmholt

## II. flokkur - grannsvæði

Utan við brunnsvæðið skal ákvarða grannsvæði vatnsbólans og við ákvörðun stærðar þess og lögunar, skal taka tillit til jarðvegsþekju svæðisins og grunnvatnsstrauma sem stefna að vatnsbolinu. Verndarákvæði grannsvæða, skv. 13. gr. laga um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999, eru þessi: „Á grannsvæðum er óheimilt að nota eða hafa birgðir af efnum, sem geta mengað grunnvatn. Hér er m.a. átt við olíu, bensín, og skyld efni, salt, eiturefni til útrýmingar skordýrum eða gróðri og önnur efni sem geta mengað grunnvatn, auk efna sem sérstaklega eru tilgreind í reglugerð um neysluvatn. Ekki skal leyfa nýjar byggingar, sumarbústaði eða sambærilegar byggingar á svæðinu. Vegalagning, áburðarnotkun og önnur starfsemi skal vera undir ströngu eftirliti“.

Grannsvæði vatnsbóla eru eftirtalin:

Grannsvæði		
Heiti	Lýsing	Jörð
Ruddakrókslind og Samúelslind	Aðrennslissvæði Ruddakrókslindar í landi Þingdals.	Þingdalur, Hurðarbak
Hurðarbakslind	Aðrennslissvæði fyrir Hurðarbakslind.	Dalsmynni
Merkurhraun	Aðrennslissvæði fyrir Bitrulindir í Merkurhrauni.	Hjálmholt, Bitra

## III. flokkur - fjarsvæði

Fjarsvæði liggur utan þess lands sem telst til brunnsvæða og grannsvæða vatnsbóla. Verndarákvæði fjarsvæða eru þessi skv. 13. gr. laga um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999: „Þar sem vitað er um sprungur eða misgengi skal gæta fyllstu varúðar í meðferð efna sem talin eru upp undir grannsvæði vatnsbóla. Stærri geymslur fyrir slík efni eru bannaðar á svæðinu. Heilbrigðisnefnd getur gefið út frekari fyrirhæli varðandi umferð á þessu svæði, svo og um byggingu sumarhúsa og annarra mannvirkja“.

Fjarsvæði vatnsbóla eru eftirtalin:

Fjarsvæði		
Flokkur III	Lýsing	Jörð
Ruddakrókur og Samúelslind	Fjarsvæði vatnsbóla.	Þingdalur, Hurðarbak
Hurðarbakslind	Fjarsvæði vatnsbólans.	Dalsmynni, Breiðholt
Merkurhraun	Fjarsvæði Bitrulinda í Merkurhrauni.	Bitra, Hjálmholt

### 2.8.5 Verndarsvæði vegna strandmengunar og mengunar í ám og vötnum

Verndarsvæði vegna mengunar í ám og vötnum eru svæði sem njóta verndar í samræmi við ákvæði reglugerðar um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999. Í reglugerðinni er kveðið á um að gera skuli grein fyrir langtímamarkmiði fyrir vötn í svæðis- og aðalskipulagi. Grunnvatn og yfirborðsvatn skal flokkað eftir forsendum 9. og 10. greinar reglugerðarinnar í eftirtalda flokka:

- Flokkur A: Ósnortið vatn.

- Flokkur B: Lítið snortið vatn.
- Flokkur C: Nokkuð snortið vatn.
- Flokkur D: Verulega snortið vatn.
- Flokkur E: Ófullnægjandi vatn.

Vatnasvæði í sveitarfélaginu hafa enn sem komið er ekki verið flokkuð, stefnt er að því að það verði gert í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.

#### Markmið:

- **Áhersla er lögð á verndun vatnasvæða í sveitarfélaginu.**

Um vatnasvæði gilda eftirtalin verndarákvæði til varnar mengunar:

- Öll vötn og tjarnir sem njóta hverfisverndar vegna náttúrufars eru felld undir flokk A. Þessi svæði hafa öll verndargildi vegna sérstaks fuglalífs og gróðurfars auk þess sem sum þeirra hafa ákveðið útivistargildi.
- Öll byggð í sveitarfélaginu hafi viðurkenndar rotþrær.
- Stefnt er að því að sveitarstjórn (heilbrigðisnefnd), í samvinnu við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands og Umhverfisstofnun, flokki vatnasvæði í sveitarfélaginu á skipulagstímabilinu og setji viðmiðunar-mörk vegna gerlamengunar og áburðarefna.

Stefnt er að því að grunnvatn og yfirborðsvatn verði í flokki A sbr. reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999. Þar sem viðtakinn er grunnvatn/ferskvatn er stefnt að tveggja þrepa hreinsun frárennslis.

## 2.9 NÁTTÚRUVÁ

Í gr. 6.3 í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, eru svæði undir náttúruvá skilgreind sem „svæði þar sem hættu er talin stafa af náttúruhamförum, svo sem snjóflóðum, skriðuföllum, sjávarflóðum, vatnsflóðum, jarðskjálftum, eldvirkni eða veðurfari (ofviðri)“.

#### Markmið:

- Tryggja skal almannavarnir vegna mögulegra jarðskjálfta, eldgosa og flóða.
- Tryggja skal sem öruggast fjarskiptasamband alls staðar í sveitarfélaginu, m.a. fyrir björgunar- og eftirlitsaðila.
- Tryggja skal upplýsingaflæði til íbúa og ferðamanna.

#### Leiðir:

- Veita upplýsingar varðandi náttúruvá og viðbragðsáætlanir gegn þeim.
- Tryggja öruggt fjarskiptasamband sem víðast á svæðinu, fyrir almenning og viðbragðsaðila svo hægt sé að vara við yfirvofandi hættu.
- Kortlögð verði þekkt flóðasvæði, einkum vegna vetrarflóða í Hvítá.
- Unnin verður viðbragðsáætlun vegna flóða.
- Á þekktum og líklegum flóðasvæðum verði óskað umsagnar Veðurstofu Íslands við deiliskipulags-tillögum.
- Á þekktum og líklegum flóðasvæðum skal við vegagerð og uppbyggingu vega skoða hvort hættu sé á að vegir myndi stíflu fyrir flóðvatn.

Fjallað er um náttúruvá í Forsenduhefti aðalskipulagsins, kafla 2.6. Þar er gerð grein fyrir jarðskjálftum, flóðahættu vegna flóða í Hvítá og Þjórsá og landbroti af völdum Þjórsár. Ekki er til kortlagning af útbreiðslu flóða í Þjórsá. Veðurstofan hefur kortlagt hluta þeirra flóða sem hafa komið í Hvítá. Ekki eru taldar vera forsendur til að skilgreina hættusvæði vegna flóða í Flóahreppi. Gert er ráð fyrir að flóðasvæði, einkum vegna vetrarflóða í Hvítá, verði kortlögð. Þar til sú kortlagning liggur fyrir verður óskað umsagnar Veðurstofu Íslands við deiliskipulagstillögum á þekktum og líklegum flóðasvæðum. Í samráði við Veðurstofuna verði metið hvort heimiluð verði uppbygging að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Gert

er ráð fyrir að á skipulagstímanum verði unnin viðbraðgsáætlun vegna hugsanlegra flóða. Verður það gert í samráði við almannavarnir, Vegagerðina, Veðurstofuna og eftir atvikun fleiri aðila. Jarðskjálftasprungur hafa verið kortlagðar í hluta sveitarfélagsins og eru þær sýndar á skýringaruppdrætti 3.

Eftirfarandi verklagsreglur ættu að draga mjög úr tjóni í jarðskjálftum:

- Ekki verði byggt yfir þekktar jarðskjálftasprungur.

Eftirfarandi gildir um byggingar á svæðum sem Veðurstofa Íslands metur sem hættusvæði vegna flóða:

- Huga þarf vel að undirlagi bygginga og að þeim verði lyft upp fyrir þekkta flóðhæð.
- Ekki er heimilt að vera með kjallara á þekktum flóðasvæðum.

### 3 SKIPULAGSFERLIÐ

Fjallað er um helstu breytingar sem gerðar hafa verið frá eldra aðalskipulagi (kafli 3.1). Gerð grein fyrir ferli skipulagslýsingar og athugasemdum við lýsinguna (kafli 3.2). Þá er greint frá samráði sem haft var á vinnslutíma aðalskipulagstillögunnar og kynningu á tillögunni (kafli 3.3). Að lokum er greint frá auglýsingu aðalskipulagstillögunnar, þeim athugasemdum sem bárust og afgreiðslu þeirra (kafli 3.4).

#### 3.1 BREYTINGAR FRÁ ELÐRA SKIPULAGI

Helstu breytingar eru að aðalskipulag Flóahrepps er sett saman í eina heild en var áður í þremur hlutum, einn fyrir hvert hinna þriggja sveitarfélaga sem nú mynda Flóahrepp. Þá hafa tekið gildi ný skipulagslög, nr. 123/2010 og ný skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Í reglugerðinni er gert ráð fyrir nýjum skipulagsflokkum s.s. afþreyingar og ferðamannasvæðum, íþróttasvæðum, skógræktar- og landgræðslusvæðum, varúðarsvæðum og annarri náttúruvernd. Í einhverjum tilfellum hefur landnotkun því færast milli landnotkunarflokka. Einnig hefur landsskipulagsstefna tekið gildi og ný lög um náttúruvernd nr. 60/2013.

Mörkuð er stefna um umhverfi og yfirbragð byggðar í samræmi við landsskipulagsstefnu og hvarvetna er gert ráð fyrir snyrtilegri umgengni og að lýsingu sé stillt í hóf. Lögð er áhersla á að leitast við að halda í dreifbýlisfirbrigð í sveitarfélaginu.

Landbúnaðarland hefur verið flokkað í sveitarfélaginu. Flokkun landbúnaðarlands byggist á greiningu þar sem landi er skipt í fjóra flokka út frá ræktunarhæfni. Beinist verndun sérstaklega að akuryrkjulandi, þ.e. landbúnaðarlandi sem lendir í flokki I og II og eru settar fram takmarkanir vegna uppbyggingar á slíku landi.

Svæðum fyrir íbúðarbyggð er fækkað og þau svæði sem ekki eru deiliskipulögð eru minnkuð. Er það gert til að leitast við að halda í dreifbýlisfirbrigð og vernda gott landbúnaðarland í flokki I og II. Ekki eru heimiluð ný svæði fyrir íbúðarbyggð. Heimiluð er uppbygging íbúðarhúsa í tengslum við núverandi bæjartorfur. Ekki er lengur gert ráð fyrir þéttbýli en áfram gert ráð fyrir íbúðarsvæði í Þingborg og Laugardælum. Einnig verslunar- og þjónustusvæðum í Laugardælum en þau minnkuð frá því sem var í gildandi skipulagi. Sömuleiðis eru frístundasvæði minnkuð, sérstaklega þau sem ekki hafa verið deiliskipulögð.

Heimilaðar eru ýmsar stakar framkvæmdir og minniháttar atvinnustarfsemi án þess að breyta þurfi aðalskipulagi. Þetta eru t.d. vindrafstöðvar og fjarskiptamöstur að ákveðinni stærð, ýmis veitumannvirki og áningarstaðir. Einnig stök íbúðarhús í tengslum við núverandi byggð.

Gert er ráð fyrir að Suðurlandsvegur verði þriggja akreina vegur (2+1), með skiptisvæðum þar sem akstursstefnu er breytt. Tengingar við Suðurlandsveg verða einungis heimilar á skiptisvæðum. Gert er ráð fyrir nýrri reiðhjólaleið. Sett er inn núverandi efnistökusvæði í Merkurhrauni.

Nokkur vatnsból eru ekki lengur nýtt og því felld út. Vatnsvernd er aflétt af svæðunum umhverfis þau. Einnig er gerð breyting á afmörkun vatnsverndarsvæðis í Merkurhrauni eftir að ÍSOR var fengið til að skoða tillögu að afmörkun vatnsverndar á svæðinu.

Svæði þar sem rekin er umfangsmikil ferðaþjónusta eru skilgreind sem verslunar- og þjónustusvæði. Einnig eru helstu ferðamannastaðir skilgreindir sem afþreyingar- og ferðamannasvæði í samræmi við nýja skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Urriðafossvirkjun er í biðflokki skv. áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða. Hún er því skilgreind sem varúðarsvæði í stað iðnaðarsvæðis.

### 3.2 SKIPULAGSLÝSING

Skipulagslýsing var auglýst og kynnt á heimasíðu sveitarfélagsins frá 17. mars til 5. apríl 2016. Samhliða var lýsingin send til Skipulagsstofnunar, Umhverfisstofnunar, Minjastofnunar Íslands, Forsætisráðuneytis, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Veiðimálastofnunar/Fiskistofu og aðliggjandi sveitarfélaga.

Umsögn barst frá Skipulagsstofnun sem benti á að landsskipulagsstefna hefði tekið gildi og taka þyrfti mið af henni varðandi skipulag í dreifbýli og um búsetumynstur. Gera þyrfti grein fyrir íbúápróun s.l. ára og skoða kosti í byggðapróun m.t.t. þess. Marka þyrfti skýrari stefnu í atvinnuuppbyggingu. Þá var minnt á að aðalskipulag sé ávallt matsskylt skv. lögum um umhverfismat áætlana. Bent var á að hafa þarf samráð við Landbúnaðarráðuneytið, Veðurstofu Íslands og Náttúrufræðistofnun.

### 3.3 SAMRÁÐ OG KYNNING

Meðan á skipulagsvinnunni stóð var fundað reglulega með sveitarstjórn. Einnig var fundað með ýmsum starfsmönnum sveitarfélagsins, hagsmunaaðilum og haldnir íbúafundir.

- Fundur með formönnum ýmissa félagasamtaka í sveitarfélaginu í maí 2015.
- Í nóvember 2015 var fundað með fulltrúum hestamannafélagsins Sleipnis.
- Opið hús var í Þingborg í nóvember 2015 þar sem skipulagsvinnan var kynnt og almenningi gafst kostur á að skoða gildandi aðalskipulag. Óskað var eftir ábendingum eða hugmyndum að breytingum á aðalskipulaginu.
- Í desember 2015 og febrúar 2016 var fundað um útfærslu og legu fyrirhugaðrar Pílagrímagöngu-leiðar frá Selvogskirkju um Flóahrepp að Skálholti. Sveitarfélagið hefur unnið áfram að útfærslu leiðarinnar í samráði við nágrannasveitarfélögin.
- Fundur var með Vegagerðinni í mars 2016 vegna 2+1 vegar og hugsanlegra breytinga á öðrum helstu vegum í sveitarfélaginu.
- Í nóvember 2016 var fundur um landbúnaðarland með fulltrúum Búnaðarfélaga í sveitarfélaginu og annar fundur í janúar 2017.
- Íbúafundur var í febrúar 2017 þar sem aðalskipulagstillagan var kynnt.

### 3.4 AFGREIÐSLA EFTIR AUGLÝSINGU AÐALSKIPULAGS

Aðalskipulagstillagan var auglýst frá xxx til xxx. Alls bárust xxx athugasemdir.

Þessi kafli verður skrifaður síðar.

## 4 HEIMILDIR

Alþingi Íslands. (2007). Vegalög nr. 80/2007. Retrieved from <http://www.althingi.is/lagas/142/2007080.html>

Alþingi Íslands. (2011). *Tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2011-2022*. doi:Þingskjal 534 - 393. mál

Alþingi Íslands. (2012a). Lög um menningarminjar nr. 80/2012. Ísland. Retrieved from <http://www.althingi.is/altext/stjt/2012.080.html>

Alþingi Íslands. (2012b). Þingsályktun um fjögurra ára fjarskiptaáætlun fyrir árin 2011-2014, nr. 3/141. Retrieved from <http://www.althingi.is/altext/141/s/0592.html>

Alþingi Íslands. Lög um náttúruvernd nr. 60/2013 (2015). Iceland. Retrieved from <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2013060.html>

Alþingi Íslands. (2016). Þingsályktun um landsskipulagsstefnu 2015-2026. Retrieved from <http://www.althingi.is/altext/145/s/1027.html>

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, & Samtök ferðapjónustunnar. (2015). *Vegvísir í ferðapjónustu*. Reykjavík. Retrieved from [http://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/tolur\\_utgafur/Skyrslur/vegvisir\\_2015.pdf](http://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/tolur_utgafur/Skyrslur/vegvisir_2015.pdf)

Árni Hjartarson. (2016). *Vatnsverndarsvæði nálægt Bitru í Flóahreppi*. doi:ÍSÖR-16037

Eva Dís Þórðardóttir, & Gísli Rafn Guðmundsson. (2014). *Hjólaleiðir á Íslandi*. Reykjavík. Retrieved from [http://www.ferdamalastofa.is/static/research/files/hjolaleidir\\_a\\_islandi.pdf](http://www.ferdamalastofa.is/static/research/files/hjolaleidir_a_islandi.pdf)

Ragnheiður Gló Gylfadóttir ritstjóri. (2014). *Fornleifaskráning í Flóahreppi. Áfangaskýrsla II*. Reykjavík. doi:FS519-07172

Ragnheiður Gló Gylfadóttir ritstjóri. (2016). *Aðalskráning fornleifa í Flóahreppi. Áfangaskýrsla III*. Reykjavík. doi:FS598-07173

Ragnheiður Gló Gylfadóttir, ritstjóri. (2010). *Fornleifaskráning í Flóahreppi. Áfangaskýrsla I*. Reykjavík. doi:FS444-07171

Samgönguráðuneytið. (2007). Reglugerð um flugvelli nr. 464/2007. Retrieved from <http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/464-2007>

Samvinnunefnd um svæðisskipulag í Flóa. (1992). *Svæðisskipulag í Flóa 2011*. doi:09/GÍ

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. (2013). Skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Retrieved from <http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/090-2013>

Umhverfisráðuneytið. (1999). Reglugerð um varnir gegn mengun grunnvatns nr. 796/1999. Retrieved from <http://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/umhverfis--og-audlindaraduneyti/nr/4482>

Umhverfisstofnun. (1996). Náttúruminjaskrá. Retrieved from <http://ust.is/einstaklingar/nattura/natturuminjaskra/>

Vegagerðin. (2014). Vegaskrá 2014. *21.11.2014*. Retrieved from <http://www.vegagerdin.is/vegakerfid/vegaskra/>

---


## VIÐAUKI 1 - SKÝRINGARUPPDRAETTIR





# FLÓAHREPPUR

## LANDBÚNAÐUR OG SKÓGRÆKT



STEINSHOLT

### LANDBÚNAÐUR


### Skýringaruppdráttur 1

Verk: 8722 SA114	Mkv: 1:110.000	Dags: 16.03.2018
Teiknað: IS	Bláðstærð: A4	



# FLÓAHREPPUR

## FLOKKUN LANDBÚNAÐARLANDS








# FLÓAHREPPUR

## BYGGÐ



**SKÝRINGAR**

- Íbúðarbyggð
- Fristundabyggð
- Jarðskjálftasprungur
- Stofnvegir
- Tengivegir
- Aðrir vegir
- Flóahreppur



Jarðskjálftasprungur eru sýndar skv. kortlagningu Páls Einarssonar.



STEINSHOLT

**BYGGÐ**  
Skýringaruppdráttur 3


Verk: 8722 SA114	Mkv: 1:110.000	Dags: 16.03.2018
Teiknað: IS	Bláðstaerð: A4	





# FLÓAHREPPUR

## SAMGÖNGUR OG NÁMUR








# FLÓAHREPPUR

## VERNDARSVÆÐI



**SKÝRINGAR**

- Svæði á náttúruminjaskrá
- Hverfisverndarsvæði
- Vatnsból
- Grannsvæði vatnsbóls
- Fjarsvæði vatnsbóls
- Stofnvegir
- Tengivegir
- Aðrir vegir
- Flóahreppur



STEINSHOLT

### VERNDARSVÆÐI

Skýringaruppdráttur 5


Verk: 8722 SA114	Mkv: 1:110.000	Dags: 16.03.2018
Teiknað: IS	Bláðstærð: A4	





# FLÓAHREPPUR

## FORNMINJAR SKV. AÐALSKRÁNINGU



**SKÝRINGAR**

- Skráðar fornminjar skv. aðalskráningu
- Stofnvegir
- Tengivegir
- Aðrir vegir
- Landamerki óstaðfest
- Flóahreppur

**FORNMINJAR**  
Skýringaruppdráttur 6

Verk: 8722 SA114	Mkv: 1:110.000	Dags: 16.03.2018
Teiknað: IS	Bláðstaerð: A4	


Heimild: Ragnheiður Gló Gyfladóttir, ritstjóri, 2010, 2014, 2016.  
Aðalskráning formléifa í Flóahreppi, áfangaskýrsur I-III.





# FLÓAHREPPUR

FERÐAÞJÓNUSTA - núverandi



### SKÝRINGAR

- Gistiheimili
- Gistiskáli
- Tjaldsvæði
- Golfvöllur
- Ferðamannastaðir
- Stofnvegir
- Tengivegir
- Aðrir vegir
- Flóahreppur



STEINSHOLT

## FERÐAÞJÓNUSTA

Skýringaruppdráttur 7

Verk: 8722 SA114

Mkv: 1:110.000

Dags: 16.03.2018

Teiknað: IS


Bláðstærð: A4





# FLÓAHREPPUR

STAÐSETNING ÍBÚÐARHÚSA BYGGÐ ÁRIN 2000-2016



**SKÝRINGAR**

- Íbúðarhús byggð árin 2000-2004
- Íbúðarhús byggð árin 2005-2009
- Íbúðarhús byggð árin 2010-2014
- Íbúðarhús byggð árin 2015-2016
- Íbúðarbyggð
- Stofnvegir
- Tengivegir
- Aðrir vegir
- Flóahreppur

**NÝ ÍBÚÐARHÚS**  
Skýringaruppdráttur nr. 8

Verk: 8722 SA114	Mkv: 1:110.000	Dags: 16.03.2018
Teiknað: IS	Blaðstærð: A4	